

# Skýrsla

**Vegagerðarinnar  
um framkvæmd samgönguáætlunar 2008  
Vegáætlun**



**Janúar 2010**

Útgefandi: Vegagerðin  
janúar 2010  
Ritstjóri: Rögnvaldur Gunnarsson  
Uppsetning og aðstoð: Viktor Arnar Ingólfsson

Prentun: ODDI

Efnisyfirlit

4. VEGÁÆTLUN .....	5
4.1. Fjármál .....	5
I ÁÆTLUN UM FJARÓFLUN .....	5
4.1.1. TEKJUR OG FRAMLÖG .....	7
4.1.2. VIÐSKIPTAHREYFINGAR .....	9
II SKIPTING ÚTGJALDA .....	9
4.1.3. ALMENNUR REKSTUR .....	12
4.1.3.0. Starfsmannahald .....	13
4.1.3.1. Yfirstjórn .....	14
4.1.3.2. Umsýslugjald til ríkissjós .....	14
4.1.3.3. Upplýsingaþjónusta .....	14
4.1.3.4. Umferðarefirlit .....	14
4.1.4. ALMENNINGSSAMGÖNGUR .....	15
4.1.4.1. Ferjur og flóabátar .....	15
4.1.4.2. Sérleyfi á landi .....	15
4.1.4.3. Áætlunarflug .....	16
4.1.5. VIÐHALD .....	16
4.1.5.1. Viðhald bundinna slitlaga .....	21
4.1.5.2. Viðhald malarslitlaga .....	22
4.1.5.3. Styrkingar og endurbætur .....	23
4.1.5.4. Brýr, varnargarðar og veggöng .....	23
4.1.5.5. Viðhald vegmerkinga .....	23
4.1.5.6. Samningar við sveitarfélög .....	23
4.1.5.7. Viðhaldssvæði .....	23
4.1.5.8. Vetrarviðhald .....	24
4.1.5.9. Umferðaröryggi .....	28
4.1.5.10. Vatnaskemmdir .....	28
4.1.5.11. Viðhald girðinga .....	28
4.1.5.12. Frágangur gamalla efnisnáma .....	28
4.1.5.13. Minjar og saga .....	28
4.1.6. STOFNKOSTNAÐUR .....	29
4.1.6.0. Fjárveitingar til stofnkostnaðar .....	29
4.1.6.1. Grunnnet .....	31
4.1.6.1.1. Almenn verkefni .....	31
4.1.6.1.2. Verkefni á höfuðborgarsvæði .....	31
4.1.6.1.3. Verkefni á landsbyggð .....	31
4.1.6.1.4. Söluandvirði Símans .....	31
4.1.6.1.5. Jarðgangaáætlun .....	31
4.1.6.1.6. Landsvegir í grunnneti .....	31
4.1.6.1.7. Grímseyjarferja .....	31
4.1.6.1.8. Ferjubryggjur .....	31
4.1.6.1.9. Sérstök fjáröflun .....	31
4.1.6.2. Tengivegir .....	32
4.1.6.3. Til brúagerðar .....	32
4.1.6.3.1. Brýr 10 m og lengri .....	32
4.1.6.3.2. Smábrýr .....	32
4.1.6.4. Ferðamannaleiðir .....	32
4.1.6.5. Þjóðgarðavegir .....	32

4.1.6.6. Girðingar .....	33
4.1.6.7. Landsvegir utan grunnnets .....	33
4.1.6.8. Safnvegir .....	34
4.1.6.9. Styrkvegir .....	34
4.1.6.10. Reiðvegir .....	35
4.1.6.11. Rannsóknir .....	36

#### Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 Skipting útgjalda .....	38
Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir, Suðursvæði .....	51
Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir, Suðvestursvæði .....	61
Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir, höfuðborgarsvæðið .....	65
Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir, Norðvestursvæði .....	71
Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir, Norðaustursvæði .....	89
Fylgiskjal 3 Samgönguverkefni, ársreikningur 2008. ....	106
Fylgiskjal 4 Rekstur Vegagerðarinnar, ársreikningur 2008. ....	108

#### 4. VEGÁÆTLUN

Skýrsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um framkvæmd vegáætlunar 2008 er hluti af skýrslu um framkvæmd samgönguáætlunar og er hér fylgt tilvísanakerfi samgönguáætlunar.

##### 4.1 Fjármál

##### I ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

Í fjárlögum 2008 var gert ráð fyrir mörkuðum tekjum að upphæð 14.730 m.kr., auk 10 m.kr. í tekjur af leyfisgjöldum flutninga og leigubifreiða. Spá vegáætlunar gerði ráð fyrir sömu upphæð.

Samkvæmt vegáætlun var gert ráð fyrir beinu ríkisframlagi til viðbótar mörkuðum tekjum, alls 15.180 m.kr. Þar af áttu 3.456 m.kr. að renna til jarðgangagerðar og 3.842 m.kr. að koma frá ráðstöfun söluandvirðis Símans. Einnig gerði vegáætlun ráð fyrir að sérstök fjáröflun myndi skila 1.400 m.kr. Greiðsla skuldar vegna veltenginga Hvalfjarðarganga og flýtingar framkvæmda á árinu 1999 var 187,1 m.kr. á árinu 2008.

Fjárlög 2008 voru hins vegar með aðra túlkun á þessu. Samkvæmt fjárlögum var beint ríkisframlag alls einungis 10.825,8 m.kr., þar af 3.456 m.kr. vegna jarðganga og 3.000 m.kr. af söluandvirði Símans. Mismunurinn átti að koma frá mörkuðum tekjum. Heildar ráðstöfun samkvæmt fjárlögum var 31.139,9 m.kr. þannig að samkvæmt fjárlögum átti ráðstöfun markaðra tekna umfram öflun ársins að vera 5.761,2 m.kr. þegar tekið hafði verið tillit til allra þátta.

Á fjárukalögum 2008 kom 110 m.kr. útgjaldaheimild til að mæta kostnaði við Hlíðar-endaveg í Ölfusi (veg að vatnsverksmiðju). Fjárukalög gerðu auk þess ráð fyrir minni innheimtu markaðra tekna þannig að innheimtutalan var lækkuð um 551 m.kr. og þar að auki hafði ríkisstjórnin afturkallað lög um ráðstöfun söluandvirðis Símans þannig að áætluð ráðstöfun markaðra tekna umfram öflun jókst um 3.661 m.kr. og fór í 9.422,2 m.kr.

Samkvæmt uppgjörstölum frá fjársýslu ríkisins var innheimtan á mörkuðum tekjum, þ.e. bensínjaldi, þungaskatti og olíugjaldi auk leyfisgjalda af flutningum og leigubifreiðum 613,4 m.kr. minni en gert var ráð fyrir í vegáætlun og fjárlögum.

Tekjur af mörkuðum tekjum umfram fjárveitingar síðustu ára (vegasjóður), hafa verið geymdar í ríkissjóði. Nú er svo komið að búið er að ráðstafa öllum inneignum og gott betur, þannig að vegasjóður skuldaði ríkissjóði 6.824 m.kr. í árslok 2008.

	Vegáætlun m.kr.	Fjár- lög m.kr.	Fjár- auka- lög m.kr.	Samtals fjár- veitingar m.kr.	Raun- tekjur m.kr.
4.1.1 Tekjur og framlög					
1.1. Markaðar tekjur					
1. Bensíngjald . . . . .	7.420	7.420	-517	6.903	6.834
2. Þungaskattur, km-gjald . . . . .	1.280	1.280	-72	1.208	1.214
4. Olfugjald . . . . .	6.030	6.030	38	6.068	6.065
5. Leyfisgjöld flutninga. . . . .	4	4	0	4	5
6. Leyfisgjöld leigubifreiða. . . . .	6	6	0	6	8
	14.740	14.740	-551	14.189	14.126
1.2. Ríkisframlag . . . . .	7.882	4.370	0	4.370	4.370
1.3. Ráðstöfun af andvirði Símans. . . . .	3.842	3.000	-3.000	0	0
1.4. Framlög til jarðganga . . . . .	3.456	3.456	0	3.456	3.456
1.5. Sérstök fjáröflun . . . . .	1.400	0	0	0	0
Framlag úr ríkissjóði alls	16.580	10.826	-3.000	7.826	7.826
Tekjur og framlög alls	31.320	25.566	-3.551	22.015	21.952
4.1.2 Viðskiptahreyfingar					
1. Vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga	-40	-40	0	-40	-40
2. Vegna skuldar frá 1999. . . . .	-140	-147	0	-147	-147
3. Ráðstöfun inneignar markaðra tekna .	0	2.661	0	2.661	2.661
4. Fyrirfram ráðstöfun markaðra tekna. .	0	3.100	3.661	6.761	6.824
Afborganir alls	-180	5.574	3.661	9.235	9.298
Samtals	31.140	31.140	110	31.250	31.250

Nokkur hluti af fjárveitingum til Vegagerðarinnar fer í greiðslur beint til ríkissjóðs. Á árinu 2008 er um að ræða afborganir og vexti af lánum vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga 40 m.kr. og vegna flýtingar framkvæmda á árinu 1999, 147,1 m.kr. Í ríkisreikningi eru þessar upphæðir ekki færðar sem kostnaður hjá Vegagerðinni heldur sem lækkun á framlagi til hennar.

#### 4.1.1. TEKJUR OG FRAMLÖG

##### *Bifreiðaeign*

Samkvæmt tölum frá Umferðarstofu voru nýskráðar fólksbifreiðir 9.028 á árinu 2008 á móti 18.524 árið áður sem samsvarar 51,3% færri skráningum. Á sama tíma voru nýskráðar 37 hópferðabifreiðir á móti 94 árið áður sem samsvarar um 60,6% fækkun. Nýskráðar vöru- og sendibifreiðir voru 1.521 á árinu 2008 en voru 3.999 árið áður og er það 61,9% fækkun skráninga á milli ára. Minnkun í nýskráningum mótorhjóla var rúmlega 56% en nýskráð voru 618 hjól á móti 1.414 árið á undan.

Nýskráningum fækkaði mjög mikið frá árinu 2007 og fjölgaði bifreiðum í landinu aðeins um 1,2% frá árinu á undan og eru nú skráðar 243.514 bifreiðir í landinu. Þetta hafði þau áhrif að fólksbifreiðaeign á hverja 1.000 íbúa minnkaði á milli ára úr 662 í 656, samkvæmt tölum frá Umferðarstofu. Í töflunni hér að neðan má sjá að bifreiðaeign landsmanna hefur farið vaxandi undanfarin ár.

	Bifreiða- eign 31.12.06	Nettó aukning í %	Bifreiða- eign 31.12.07	Nettó aukning í %	Bifreiða- eign 31.12.08
Fólksbifreiðir . . . . .	197.291	5,18	207.513	1,07	209.740
Hópferðabifreiðir . . . . .	1.929	0,73	1.943	0,62	1.955
Vöru- og sendibifreiðir . . . . .	28.100	10,66	31.095	2,33	31.819
Samtals:	227.320	5,82	240.551	1,23	243.514

##### *Bensíngjald*

Bensínsalan 2008 nam 207,4 milljónum lítra sem er minnkun um 11,7 milljónir lítra frá 2007. Samkvæmt tölum frá Ríkisbókhaldi voru innheimtar tekjur af bensínsölunni, þ.e. bensíngjaldið, 6.833,7 m.kr. árið 2008. Það er 586 m.kr. minna en tekjuspá vegáætlunar og fjárlaga gerði ráð fyrir.

Bensínbifreiðum hefur fjölgað um 19,6% sl. fimm ár en sala á bensíni hefur ekki aukist í sama hlutfalli. Hún hefur aðeins aukist um 14,1% á þessu sama tímabili. Díselbifreiðum hefur fjölgað hlutfallslega mun meira á þessum tíma eða um 84%.

Bensíngjald í lok árs 2008 er 37,07 kr./l en það hækkaði 11. desember 2008 úr 32,95 kr./l.

Í ársbyrjun 2008 kostaði lítrinn af 95 okt. bensíni 137,90 kr. frá dælu á bensínstöð með fullri þjónustu. Síðan tóku við stöðugar hækkningar fram á mitt ár þegar verðið fór hæst í 182,40 kr./l sem er ríflega 32% hækkun frá því sem það var um áramót. Síðan fór það hægt lækkandi fram í október þegar nokkur skriður komst á lækkunina og endaði verðið á lítranum í 146,40 kr./l um áramót. Verðhækkun milli áramóta mælist 6,2%. Meðalverð ársins er hins vegar rúmlega 161 kr./l.

Ár	Bensínsala m.l	Meðaleyðsla lítrar á bifreið	Verð á lítra 31.12.		Bensíngjald
			95 okt.	98 okt.	
1998	188,7	1.408	72,6	77,3	27,53
1999	190,7	1.350	86,3	91,0	28,60
2000	189,2	1.275	96,0	100,7	28,60
2001	190,4	1.260	94,2	98,9	28,60
2002	192,4	1.269	96,3	100,1	28,60
2003	194,0	1.259	99,9	104,6	28,60
2004	196,8	1.233	104,6	105,4	30,89
2005	200,3	1.196	113,3	118,9	30,89/32,95
2006	210,5	1.207	117,7	119,3	32,95
2007	219,1	1.220	137,9	140,5	32,95
2008	207,4	1.143	146,4	168,0	32,95

#### *Þungaskattur*

Á árinu voru innheimtar tekjur af þungaskatti alls 1.214 m.kr. Í fjárlögum var gert ráð fyrir 1.280 m.kr. þannig að það vantaði um 66 m.kr. upp á að áætlunin stæðist. Skatturinn er í formi km-gjalds og er aðeins lagður á bifreiðar sem eru yfir 10 tonn að leyfðum heildarþunga. Km-gjald hækkaði líkt og bensíngjaldið þann 11. desember á bilinu 12,4-13,8%. Km-gjald fyrir bifreið á bilinu 10-11 tonn er nú 0,33 kr./km en var áður 0,29 kr./km og fer svo stighækkandi og er 14,50 kr./km í flokki bifreiða sem eru 31 tonn og yfir en það var áður 12,89 kr./km.

#### *Olúgjald*

Olúgjald hækkaði einnig í desember og er um áramótin 46,12 kr./l. Það var sett á 1. júlí 2005 og hafði verið 41 kr./l frá þeim tíma. Hækkunin er 12,5%. Innheimta tekna af olúgjaldinu var rúmlega 6.065 m.kr. á árinu. Olúgjaldið er því eini gjaldstofninn þar sem innheimta varð meiri en áætlað var í fjárlögum. Það munar þó ekki miklu því áætlunin hljóðaði upp á 6.030 m.kr. eða 0,6% minna en raun varð. Samkvæmt innheimtutölum var salan um 147,9 milljónir lítra á árinu 2008.

#### *Leyfisgjöld flutninga og leigubifreiða*

Innheimt leyfisgjöld flutninga voru samtals 5,5 m.kr. á árinu 2008. Það er um 1,5 m.kr. meira en tekjuspá vegáætlunar gerði ráð fyrir. Innheimt leyfisgjöld leigubifreiða voru um 7,6 m.kr. sem er 1,6 m.kr. meira en tekjuspá vegáætlunar gerði ráð fyrir. Heildartekjur voru því 13,1 m.kr. sem er 3,1 m.kr. meira en áætlað hafði verið. Leyfi til flutninga og aksturs leigubifreiða gilda í 5 ár og falla tekjur vegna endurnýjunar því misjafnt til milli ára.

#### *Ríkisframlag*

Eins og áður sagði breyttust tölur um framlag ríkisins nokkuð innan ársins þannig að niðurstaðan varð sú að framlag ríkisins vegna styrkja til innanlandsflugs var 281,4 m.kr. og annað ríkisframlag var 4.088,4 m.kr.



*Framlög til jarðganga*

Í vegáætlun 2007-2010 er veitt umtalsverðu fjármagni úr ríkissjóði til jarðgangagerðar. Á árinu 2008 var framlag til jarðganga alls 3.456 m.kr.

*Fjárukalög*

Í fjárukalögum fékk Vegagerðin 110 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna stofnkostnaðar.

**4.1.2. VIÐSKIPTAHREYFINGAR**

Á árinu 2008 var greidd lokaafborgun, 40 m.kr., af láni, sem tekið var hjá ríkissjóði til að fjármagna síðari hluta veltenginga við Hvalfjarðargöng. Einnig voru ríkissjóði endurgreiddar 147,1 m.kr. vegna flýtingar framkvæmda á árinu 1999.

**II SKIPTING ÚTGJALDA**

Í töflu á bls. 10 er sýnd skipting fjárveitinga til Vegagerðarinnar á árinu 2008. Vegáætlun gerði ráð fyrir ráðstöfun 31.140 m.kr. Samkvæmt fjárlögum fékk Vegagerðin 31.139,9 m.kr. Á fjárukalögum fékk Vegagerðin 110 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna framkvæmda við Hlíðarendaveg. Fjárveitingar til Vegagerðarinnar árið 2008 voru því alls 31.249,9 m.kr.

Fjárhæðir í töflunni eru í m.kr.	Vegáætlun 2008	Breyting 2008	Fjárveiting 2008
<b>Rekstur Vegagerðarinnar</b>			
<b>4.1.3 Almennur rekstur</b>			
1. Yfirstjórn .....	345,0	-0,1	344,9
2. Umsýslugjald .....	62,0	0,3	62,3
3. Upplýsingaþjónusta .....	97,0		97,0
4. Umferðarefirlit .....	88,0		88,0
<b>Rekstur samtals</b>	<b>592,0</b>	<b>0,2</b>	<b>592,2</b>
<b>Önnur starfsemi Vegagerðarinnar</b>			
<b>4.1.4 Almenningsgöngur</b>			
1. Ferjur og flóabátar .....	697,0	-1,1	695,9
1. Áætlunarferjur .....	662,0		
2. Viðhald ferja .....	35,0		
2. Sérleyfi á landi .....	210,0		210,0
3. Áætlunarflug .....	280,0	1,4	281,4
<b>Almenningsgöngur samtals</b>	<b>1.187,0</b>	<b>0,3</b>	<b>1.187,3</b>
<b>4.1.5 Viðhald</b>			
1. Viðhald bundinna slitlaga .....	1.575,0	-0,5	1.574,5
2. Viðhald malar slitlaga .....	490,0		490,0
3. Styrkingar og endurbætur .....	956,0		956,0
4. Brýr, varnargarðar og veggöng .....	406,0		406,0
5. Viðhald vegmerkinga .....	631,0		631,0
6. Samningar við sveitarfélög .....	385,0		385,0
7. Viðhaldssvæði .....	335,0		335,0
8. Vetrarviðhald .....	1.309,0		1.309,0
9. Umferðaröryggi .....	309,0		309,0
10. Vatnaskemmdir .....	186,0		186,0
11. Viðhald girðing .....	70,0		70,0
12. Frágangur gamalla efnisnáma .....	33,0		33,0
13. Minjar og saga .....	15,0		15,0
<b>Viðhald samtals</b>	<b>6.700,0</b>	<b>-0,5</b>	<b>6.699,5</b>
<b>4.1.6 Stofnkostnaður</b>			
1. Grunnnet .....	18.773,0		18.773,0
1. Almenn verkefni .....	602,0		
2. Verkefni á höfuðborgarsvæði .....	3.445,0		
3. Verkefni á landsbyggð .....	5.678,0		
Þar af afborgun láns v/Hvalfjarðartenginga til ríkissjóðs .....		-40,0	-40,0
4. Söluandvirði Símans .....	3.842,0		
5. Jarðgangaáætlun .....	3.456,0		
6. Landsvegir í grunnneti .....	62,0		
7. Grímseyjarferja .....	260,0		
8. Ferjubryggjur .....	28,0		
9. Sérstök fjáröflun .....	1.400,0		
<b>Grunnnet samtals:</b>	<b>18.733,0</b>	<b>0,0</b>	<b>18.733,0</b>
2. Tengivegir .....	1.951,0	110,0	2.061,0
3. Til brúagerðar .....	545,0		545,0
1. Brýr, 10 m og lengri .....	514,0		
2. Smábrýr .....	31,0		
4. Ferðamannaleiðir .....	204,0		204,0
5. Þjóðgarðavegir .....	388,0		388,0
6. Girðingar .....	83,0		83,0
7. Landsvegir utan grunnnets .....	125,0	0,4	125,4
8. Safnvegir .....	373,0		373,0
9. Styrkvegir .....	73,0		73,0
10. Reiðvegir .....	62,0		62,0
11. Rannsóknir og þróun .....	124,0	-0,5	123,5
<b>Samtals utan grunnnets:</b>	<b>3.928,0</b>	<b>109,9</b>	<b>4.037,9</b>
Afskrift markaðra tekna:	0,0		0,0
<b>Stofnkostnaður samtals:</b>	<b>22.661,0</b>	<b>109,9</b>	<b>22.770,9</b>
<b>Samtals:</b>	<b>31.140,0</b>	<b>109,9</b>	<b>31.249,9</b>

### Verðlagsforsendur og afkoma 2008 og yfirlit yfir fjármagn til vegamála

Við gerð vegáætlunar 2007-2010 var meðalvísitala fyrir árið 2008 áætluð 9.238 stig. Í reynd varð hún 9.743 stig eða um 5,5% hærra en áætlað hafði verið.


Innheimta markaðra tekna án leyfisgjalda var árið 2008 14.113 m.kr. eða 612 m.kr. lægri upphæð en áætlað hafði verið við gerð vegáætlunar og fjárlaga. Tekjur af leyfisgjöldum flutninga og leigubifreiða voru hærra en áætlað hafði verið eða 13,1 m.kr. á móti 10 m.kr. áætlun.

Árið 2008 rann í ríkissjóð 62,3 m.kr. umsýslugjald af mörkuðum tekjum. Ríkissjóður lagði til 4.369,8 m.kr. ríkisframlag og 3.456 m.kr. framlag til jarðganga. Endurgreiðslur og afborganir lána voru samtals 187,1 m.kr. og engin lán voru tekin á árinu.


Vegagerðin fékk til ráðstöfunar 31.249,9 m.kr. sem er 12.756,3 m.kr. meira en árið 2007 og jafnframt hæsta framlag sem nokkru sinni hefur verið veitt til vegagerðar.

Lausafjárstaða Vegagerðarinnar í árslok var góð og engin vinnulán voru tekin á árinu.

Í súluritinu hér að neðan kemur fram framlag til vegamála í m.kr. árin 1968 til 2008 á föstu verðlagi 2008.



Hér fyrir neðan má sjá framlag til vegamála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á árunum 1968-2008.



#### 4.1.3. ALMENNUR REKSTUR

Fjárveiting til almenns rekstrar í vegáætlun 2008 með síðari breytingum var 592,2 m.kr. Starfsemi sem fellur undir þennan lið er yfirstjórn Vegagerðarinnar, framkvæmdasvið, stjórnáslusvið og þróunarsvið. Þá fellur undir þennan lið upplýsingaþjónusta og umferðar- eftirlit og einnig er greitt umsýslugjald til ríkissjóðs af mörkuðum tekjum.

## 4.1.3.0. Starfsmannahald

Fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni voru 311 um síðustu áramót í 307,7 stöðugildum eins og árið 2007. Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 2008 var 328 en var 330 árið 2007. Heildarvinnuframlag á árinu 2008 reiknað í dagvinnustundum nam 397,6 mannaárum og hafði lækkað úr 399,9 frá árinu 2007. Launagreiðslur voru 1.829 m.kr. á árinu 2008 og launatengd gjöld 376 m.kr. Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda fastra starfsmanna og skiptingu þeirra eftir kjarasamningum og staðsetningu.

	Reykja- vík	Suður- svæði	Suðvestur svæði	Norðvestur svæði	Norðaustur svæði	Samtals
Félag íslenskra náttúrufræðinga. . . . .	4	0	1	1	6	12
Kjarafélag tæknifræðinga . . . . .	15	3	5	8	7	38
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga .	8	0	0	1	0	9
Kjararáð . . . . .	1	0	0	0	0	1
Rafiðnaðarsamband Íslands . . . . .	1	0	0	0	0	1
Samiðn . . . . .	1	3	0	5	5	14
SFR stéttarfélag almannaþjónustu . . . .	35	8	3	25	17	88
Starfsgreinasamband Íslands . . . . .	0	8	4	37	23	72
Stéttarfélag bókasafnsfræðinga . . . . .	1	0	0	0	0	1
Stéttarfélag lögfræðinga. . . . .	3	0	0	0	0	3
Stéttarfélag verkfræðinga. . . . .	13	1	3	5	3	25
Útgarður – félag háskólamanna. . . . .	8	0	0	2	0	10
Verkstjórasamband Íslands . . . . .	0	3	4	17	13	37
Fastir starfsmenn 1. janúar 2009	90	26	20	101	74	311
Fastir starfsmenn 1. janúar 2008	94	26	20	97	74	311
Fastir starfsmenn 1. janúar 2007	93	26	19	104	78	320
Fastir starfsmenn 1. janúar 2006	95	29	21	106	77	328
Fastir starfsmenn 1. janúar 2005	96	31	20	102	78	327
Fastir starfsmenn 1. janúar 2004	92	32	19	107	78	328
Fastir starfsmenn 1. janúar 2003	107	29	29	109	83	357
Fastir starfsmenn 1. janúar 2002	103	27	29	108	85	352
Fastir starfsmenn 1. janúar 2001	100	28	29	105	79	341
Fastir starfsmenn 1. janúar 2000	106	26	30	102	74	338
Fastir starfsmenn 1. janúar 1999	94	26	41	102	76	339
Fastir starfsmenn 1. janúar 1998	92	31	39	107	81	350

#### 4.1.3.1. Yfirstjórn

Fjárveiting í vegáætlun 2008 með síðari breytingum var 344,9 m.kr. Eftirfarandi starfsemi heyrir undir þennan lið: Yfirstjórn Vegagerðarinnar og þrjú svið stofnunarinnar þ.e. framkvæmdasvið, stjórnsýslusvið og þróunarsvið. Í yfirstjórn eru vegamálastjóri, aðstoðarvegamálastjóri og framkvæmdastjórnar sviða.

Framkvæmdasvið skiptist í fimm deildir: brúadeild, framkvæmdadeild, jarðgangadeild, veghönnunardeild og þjónustudeild.

Stjórnsýslusvið skiptist í fimm deildir: fjárreiðudeild, hagdeild, lögfræðideild, rekstrardeild og starfsmannadeild.

Þróunarsvið skiptist í fimm deildir: áætlana- og umhverfiseild, jarðfræðideild, rannsóknadeild, umferðardeild og upplýsingatæknideild.

Auk framangreinds heyrir undir þennan lið skrifstofa vegamálastjóra, almanna-tengsl, útgáfustarfsemi, árangurs- og eftirlitsdeild, gæðastjóri og innri endurskoðun. Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi starfsmanna teljast einnig til þessa liðar.

#### 4.1.3.2. Umsýslugjald

Vegagerðin greiðir umsýslugjald til ríkissjóðs af mörkuðum tekjum og telst það til útgjalda hennar. Samkvæmt vegáætlun 2008 með síðari breytingum nam umsýslugjald 62,3 m.kr.

#### 4.1.3.3. Upplýsingaþjónusta

Á þjónustudeild framkvæmdasviðs er séð um upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar. Fjárveiting til þess verkefnis var 97 m.kr. Í umferðarþjónustu er rekin upplýsingamiðstöð fyrir vegfarendur, en miðlun upplýsinga um veður og færð er sífellt mikilvægari þáttur fyrir vegfarendur, og er þessari þjónustu stjórnað úr miðstöð í samvinnu við svæði Vegagerðarinnar. Í upplýsingamiðstöðinni er jafnframt safnað saman fjölþættum upplýsingum frá mælitækjum á og við vegakerfið, m.a. upplýsingum um umferðarmagn, hraða, áspunga, frost í jörð, veður og færð og er unnið að því að flest þessara mælitækja verði sjálfvirk og gefi upplýsingar strax til þeirra sem á þeim þurfa að halda.

#### 4.1.3.4. Umferðareftirlit

Umferðareftirlit Vegagerðarinnar tilheyrir lögfræðideild stjórnsýslusviðs. Fjárveiting til umferðareftirlits var 88 m.kr. á árinu 2008. Umferðareftirlit Vegagerðarinnar annast eftirlit með stærð og þyngd ökutækja, hleðslu- og frágangi farms, aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og ökumæla og eftirlit tengt framkvæmd laga um fólks- og farmflutninga og laga um leigubifreiðir. Auk þess annast umferðareftirlit í umboði Ríkisskattstjóra framkvæmd eftirlits með notkun litaðrar, gjaldfrjálsrar olíu samkvæmt lögum um olíugjald og kílómetragjald.

Umferðareftirlit er staðsett á þremur starfsstöðvum Vegagerðarinnar, í Reykjavík, á Akureyri og Reyðarfirði. Fjórar eftirlitsbifreiðir voru notaðar við eftirlit á vegum á árinu. Tvær bifreiðir voru gerðar út frá Reykjavík, ein frá Akureyri og ein frá Reyðarfirði. Í árslok voru 10 umferðareftirlitsmenn við störf auk deildarstjóra. Í Reykjavík voru sex umferðareftirlitsmenn í hefðbundnu eftirliti á vegum úti auk eins eftirlitsmanns, sem sérhæfður er í fyrirtækjaeftirliti og eftirliti með notkun litaðrar olíu. Deildarstjóri umferðareftirlits er staðsettur á Akureyri. Lengst af árs voru auk deildarstjóra þrír umferðareftirlitsmenn á Akureyri en einn hætti störfum á árinu og hefur ekki verið ákveðið hvort ráðið verði í hans stað. Á Reyðarfirði er einn umferðareftirlitsmaður.

Eftirlit á vegum fer að jafnaði fram á þar til gerðum eftirlitsstöðum meðfram vegum þar sem ökutæki eru stöðvuð til eftirlits. Skráð afskipti á árinu voru 6.688 og reyndist um

brot að ræða í um 15% tilvika. Eftirlit á vegum felst einkum í vigtun ökutækja auk þess sem gerðar eru aðrar nauðsynlegar athuganir til að ganga úr skugga um að ástand ökutækja, hleðsla og frágangur farms og aksturs- og hvíldartími ökumanna sé í samræmi við reglur og fylgt sé reglum um rekstrar- og atvinnuleyfi. Auk þess er kannað hvort ástæða sé til að ætla að um óheimila notkun litaðrar, gjaldfrjálsrar olíu sé að ræða og tekin olíusýni ef tilefni er til. Eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna fer auk þess fram með því að kallað er eftir upplýsingum um aksturs- og hvíldartíma frá flytjendum til skoðunar og voru með þeim hætti skoðaðar upplýsingar um 2.448 akstursdaga. Eftirlit með notkun litaðrar gjaldfrjálsrar olíu er í ýmsu frábrugðið öðru eftirliti og kallar á aðrar aðferðir. Þar má nefna eftirlit við sölustaði og sérstakar eftirlitsferðir í samstarfi við ríkisskattstjóra til athugunar á því hvort meðferð og notkun litaðrar olíu sé í samræmi við reglur.

#### 4.1.4. ALMENNINGSAMGÖNGUR

Fjárveiting til almenningsamgangna í vegáætlun með síðari breytingum 2008 var 1.187,3 m.kr. Undir þennan lið falla styrkir til reksturs á ferjum, styrkir til áætlunarflugs til fámennra staða og styrkir til sérleyfa á landi.

##### 4.1.4.1. Ferjur og flóabátar

Fjárveiting í vegáætlun með síðari breytingum til þessa liðar árið 2008 var 695,9 m.kr. Innistæður frá fyrra ári voru 178,4 m.kr. og fjárheimild ársins því 874,3 m.kr. Heildarkostnaður nam 812,6 m.kr. og innistæða sem flyst til ársins 2009 því 61,7 m.kr.

Árið 2008 styrkti ríkið ferjurekstur á 6 ferjuleiðum en auk þess er greiddur af þessum lið styrkur vegna vetrarsamgangna við Norðurfjörð á Ströndum. Rekstrarsamningar eru í gildi milli Vegagerðarinnar og rekstraraðila ferjanna. Allar ferjuleiðir hafa verið boðnar út.

##### Kostnaður við ferjur 2008

Ferjuleið	Rekstrarstyrkur m.kr.	Annar kostnaður m.kr.	Samtals m.kr.
Vestmannaeyjaferja, Herjólfur . . . . .	382	93	475
Breiðafjarðarferja, Baldur . . . . .	134	0	134
Ísafjarðardjúpsferja, Bliki . . . . .	9	2	11
Hríseyjarferja, Sævar . . . . .	65	1	66
Grimseyjarferja, Sæfari . . . . .	67	44	111
Mjóafjarðarferja, Anný . . . . .	11	0	11
Norðurfjarðarflutningar . . . . .	2	0	2
Sameiginlegt . . . . .	0	3	3
Samtals . . . . .	670	143	813

##### 4.1.4.2. Sérleyfi á landi

Fjárveiting í vegáætlun var 210 m.kr. Heildarútgjöld voru 240,9 m.kr. eða 30,9 m.kr. hærrí en fjárveitingar þannig að halli frá fyrra ári að upphæð 8,4 m.kr. eykst sem því nemur. Eftir stendur skuld til næsta árs að fjárhæð 39,3 m.kr.

#### 4.1.4.3. Áætlunarflug

Fjárveiting í vegáætlun með síðari breytingum var 281,4 m.kr. Auk þess var innistæða frá fyrra ári að upphæð 51,1 m.kr. Heildarútgjöld á árinu 2008 voru 352,6 m.kr. eða 20,1 m.kr. meiri en fjárveitingar og var staða í árslok því neikvæð sem því nemur.

Áætlunarflug til sjö áfangastaða var boðið út á árinu 2006 og tók útboðið gildi 1. janúar 2007. Samningar eru til þriggja ára með heimild til framlengingar í allt að tvö ár. Um er að ræða flug frá Reykjavík til Bíldudals, Gjögers, Sauðárkróks og Hornafjarðar og flug frá Akureyri til Grímseyjar, Þórshafnar og Vopnafjarðar. Samið var við Flugfélagið Erni um flug út frá Reykjavík og Flugfélag Íslands um flug út frá Akureyri.

Flugleiðin Reykjavík-Vestmannaeyjar var boðin út vorið 2007 og samið var við Flugfélag Íslands. Samningur þessi rennur út í árslok 2009 eins og aðrir samningar um áætlunarflug en heimilt er að framlengja hann í allt að tvö ár.

#### 4.1.5. VIÐHALD

Í vegáætlun 2008 með síðari breytingum var fjárveiting til viðhalds 6.699,5 m.kr., og var henni varið til viðhalds stofn- og tengivega. Sú breyting var gerð á vegáætlun 2008 að útgjöld til þjónustu vegakerfisins eru talin með útgjöldum til viðhalds þess og er þeirri skiptingu fylgt hér.

Fjárveitingum til viðhalds vega er skipt í 13 meginflokka, sem eru viðhald bundinna slitlaga, viðhald malarvega, styrkingar og endurbætur, brýr, varnargarðar og veggöng, viðhald vegmerkinga, samningar við sveitarfélög, viðhaldssvæði, vetrarviðhald, umferðaröryggi, vatnaskemmdir, viðhald girðinga, frágangur gamalla efnisnáma og minjar og saga.

Viðhald þjóðvegakerfisins innifelur það að varðveita þau verðmæti sem liggja bundin í vegakerfinu ásamt því að uppfylla gildandi reglur um burðarþol og vegbreiddir. Viðhald þjóðvega tekur einnig til þeirrar þjónustu á vegakerfinu sem miðar að því að tryggja greiða og örugga umferð.


Heildarlengd stofn- og tengivega 1. janúar 2008, var 8.223 km, og var áætluð umferð á þeim árið 2008 um 2.183 milljónir ekinna km.

Samkvæmt vegalögum er þjóðvegum skipt í fjóra flokka: stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Í eftirfarandi töflu má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun á árinu 2008.

Kjördæmi	Stofnvegir		Tengivegir		Safnvegir		Landsvegir		Samtals	
	km	%	km	%	km	%	km	%	km	%
Suðurkjördæmi. . . . .	936	22,1	1.107	27,7	560	25,0	968	37,4	3.571	27,4
Suðvesturkjördæmi . . .	121	2,9	96	2,4	33	1,5	14	0,5	264	2,0
Reykjavík. . . . .	72	1,7	11	0,3	24	1,1	8	0,3	115	0,9
Norðvesturkjördæmi . .	1.756	41,6	1.749	43,7	965	43,1	626	24,1	5.096	39,0
Norðausturkjördæmi . .	1.339	31,7	1.036	25,9	655	29,3	972	37,6	4.002	30,7
Samtals. . . . .	4.224	100,0	3.999	100,0	2.237	100,0	2.588	100,0	13.048	100,0




Í árslok 2008 voru vegir með bundnu slitlagi 4.928 km, þar af 3.586 km á stofnvegum, 1.073 km á tengivegum og 269 km á safn- og landsvegum. Heildarflatarmál bundinna slitlaga var 31,3 milljónir m<sup>2</sup> í árslok 2008.




Í töflunni hér að neðan er sýnt hvernig lengd bundinna slitlaga skiptist milli svæða Vegagerðarinnar ásamt hlutfallslegri skiptingu vegflokka.

Svæði	Stofnvegir		Tengivegir		Safn- og landsvegir		Alls	
	km	%	km	%	km	%	km	%
Suðursvæði . . . . .	877	94,4	489	49,7	120	8,0	1.486	43,5
Suðvestursvæði . . . . .	199	100,0	62	30,1	13	11,0	274	52,4
Norðvestursvæði . . . . .	1.480	83,6	236	13,3	41	2,6	1.757	34,0
Norðaustursvæði . . . . .	1.030	77,7	287	27,7	94	5,9	1.411	35,7
Samtals . . . . .	3.586	84,9	1.074	26,9	268	5,6	4.928	37,8


Á myndinni hér að neðan er sýnd þróun aksturs á stofn- og tengivegum frá árinu 1995. Á árinu 2008 var áætluð umferð á stofn- og tengivegum 2.183 milljónir ekinna km og hefur minnkað um 2% frá árinu áður.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til viðhalds stofn- og tengivega á árunum 1998-2008. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2008.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við viðhald stofn- og tengivega á árunum 1998-2008. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2008.




Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig viðhaldskostnaður árið 2008 skiptist milli hinna einstöku flokka viðhalds og milli svæða Vegagerðarinnar.

Svæði/útgjaldaliður	Sam- eigin- legt m.kr.	Suður- svæði m.kr.	Suð- vestur- svæði m.kr.	Norð- vestur- svæði m.kr.	Norð- austur- svæði m.kr.	Sam- tals svæði m.kr.
Viðhald bundina slitlaga* . . . . .	62	306	416	500	315	1.599
Viðhald malarvega . . . . .	1	107	29	327	215	679
Styrkingar og endurbætur* . . . . .	0	238	98	296	174	806
Brýr, varnargarðar og veggöng . . . . .	30	49	1	58	102	240
Viðhald vegmerkinga . . . . .	99	129	190	186	191	795
Samningar við sveitarfélög** . . . . .	0	23	290	46	68	427
Viðhaldssvæði . . . . .	16	66	82	153	94	411
Vetrarviðhald . . . . .	91	223	391	635	585	1.925
Umferðaröryggi . . . . .	117	50	13	52	39	271
Vatnaskemmdir . . . . .	2	39	0	82	88	211
Viðhald girðinga . . . . .	0	5	1	41	12	59
Frágangur gamalla efnisnáma . . . . .	1	4	0	7	7	19
Minjar og saga . . . . .	12	0	0	0	0	12
Samtals . . . . .	431	1.239	1.511	2.383	1.890	7.454


\*Samkvæmt samningi milli Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar sér Reykjavíkurborg um viðhald þjóðvega innan borgarinnar.

\*\* Vegagerðin hefur samið við mörg sveitarfélög um að þau annist þjónustu á þjóðvegum innan þeirra.


Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til viðhalds og almennrar þjónustu stofn- og tengivega á árunum 1998-2008. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2008.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við viðhald og almenna þjónustu stofn- og tengivega á árunum 1998-2008. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2008.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við viðhald og almenna þjónustu stofn- og tengivega í kr. á ekna 100 km á árunum 1998-2008. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2008.



#### 4.1.5.1. Viðhald bundinna slitlaga

Fjárveiting í vegáætlun með síðari breytingum var 1.574,5 m.kr. Fjárveitingin var notuð til yfirlagna bundinna slitlaga ásamt viðgerðum á tilfallandi skemmdum. Á árinu 2008 voru lagðir 3.938 þús. m<sup>2</sup> af bundnu slitlagi sem er um 12,6 % af heildarflatarmáli bundinna slitlaga. Þetta samsvarar um 656 km af 6 m breiðu slitlagi. Fyrst og fremst er um að ræða endurnýjun á klæðingu, en malbik er einungis notað á umferðarmestu vegina og í þéttbýli. Með aukinni umferð eykst þörfin fyrir malbiksslitlag.

Endurnýjun bundinna slitlaga skiptist á tegundir og svæði Vegagerðarinnar eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Svæði	klæðing		malbik		alls	
	km	þús. m <sup>2</sup>	km	þús. m <sup>2</sup>	km	þús. m <sup>2</sup>
Suðursvæði. . . . .	124,9	788	15,6	72	140,5	860
Suðvestursvæði . . . . .	11,5	78	26,4	159	37,9	237
Reykjavík. . . . .	0,0	0	7,8	47	7,8	47
Norðvestursvæði . . . . .	285,5	1.896	0,9	9	286,4	1.905
Norðaustursvæði . . . . .	137,4	875	2,0	14	139,4	889
Samtals. . . . .	559,3	3.637	52,7	301	612,0	3.938

## 4.1.5.2. Viðhald malarvega

Fjárveiting til viðhalds malarvega var 490 m.kr. Fjárveitingin var notuð til þess að leggja ný malarslitlög, endurbæta gömul slitlög, vegheflunar og rykbætt malarslitlag á 510 km af malarvegum. Um er að ræða ný malarslitlög og endurnýjun á eldri slitlögum.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig þetta magn skiptist í unnið og óunnið efni og á milli svæða Vegagerðarinnar.

Svæði	óunnið efni		unnið efni		mölburður alls	
	km	m <sup>3</sup>	km	m <sup>3</sup>	km	m <sup>3</sup>
Suðursvæði. ....	0	0	34	8.276	34	8.276
Suðvestursvæði . . . . .	0	0	43	11.700	43	11.700
Norðvestursvæði . . . . .	17	5.900	268	41.216	285	47.116
Norðaustursvæði . . . . .	23	3.036	125	17.679	148	20.715
Samtals. ....	40	8.936	470	78.871	510	87.807

Vinnsla efnis í slitlög og burðarlög 2008 var eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Svæði	Fyrir	Fyrir	Fyrir	Samtals
	malarslitlög	bundin slitlög	burðarlög	
	m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>
Suðursvæði. ....	21.544	8.459	9.785	39.788
Suðvestursvæði . . . . .	0	0	0	0
Norðvestursvæði . . . . .	96.000	37.000	9.000	142.000
Norðaustursvæði . . . . .	23.230	11.660	11.569	46.459
Samtals. ....	140.774	57.119	30.354	228.247

Hér er eingöngu talið efni sem unnið er fyrir Vegagerðina til notkunar við viðhald vega. Efni sem keypt er í einu eða öðru formi er ekki meðtalið.

#### 4.1.5.3. Styrkingar og endurbætur

Fjárveiting var 956 m.kr. Fjárveitingum er varið til styrkinga og endurbóta á vegum með bundnu slitlagi og malarvegum. Aukinn hluti fjármagns fer nú til styrkinga á vegum með bundnu slitlagi, en umferð á þeim er yfir 90% af umferð á stofn- og tengivegum. Um helm-ingur vega með bundnu slitlagi var byggður á árunum 1980-1989 og með stöðugt aukinni og þyngri umferð vex þörfin fyrir styrkingu og endurbætur á þeim. Nokkru fjármagni er einnig varið til styrkingar og endurbóta á malarvegum með lítið burðarþol sem þarf að takmarka umferðarþunga á vegna aurbleytu. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir styrkingar stofn- og tengivega á árinu 2008.

Svæði	Vegir með bundnu slitlagi				Malarvegir		Styrkingar alls	
	Burðarlag með mól		Bundið burðarlag		km	m <sup>3</sup>	km	m <sup>3</sup>
	km	m <sup>3</sup>	km	m <sup>3</sup>	km	m <sup>3</sup>	km	m <sup>3</sup>
Suðursvæði . . . . .	2,1	710	12,2	11.143	17,6	33.624	31,9	45.477
Suðvestursvæði . . . . .	0,0	0	5,0	4.300	2,9	2.600	7,9	6.900
Norðvestursvæði . . . . .	0,0	0	11,8	10.615	31,9	29.770	43,7	40.385
Norðaustursvæði . . . . .	4,0	3.134	10,5	1.800	5,7	8.886	20,2	13.820
Samtals . . . . .	6,1	3.844	39,5	27.858	58,1	74.880	103,7	106.582

#### 4.1.5.4. Brýr, varnargarðar og veggöng

Fjárveiting í vegáætlun var 406 m.kr. Fjárveitingin var notuð til viðhalds og reksturs brúa, varnargarða og jarðganga. Unnið var við 55 smá og stór verkefni í viðhaldi brúa og varnargarða víðs vegar um landið. Um 22 m.kr. var varið til lagfæringa og endurbóta á varnargörðum og um 37 m.kr. til að endurnýja 9 einbreiðar brýr með stálræsnum. Um 42 m.kr. var varið til reksturs á jarðgöngum, en í þeim kostnaði er innifalinn kostnaður við lýsingu, þríf, umsjón og allan rekstur jarðganga.

#### 4.1.5.5. Viðhald vegmerkinga

Fjárveiting í vegáætlun var 631 m.kr., og var henni varið til að greiða lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingar, endurnýjun og viðhald á kantstikum, vegriðum og umferðarmerkjum.

#### 4.1.5.6. Samningar við sveitarfélög

Fjárveiting til þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis var 385 m.kr. og var henni varið til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu á þjóðvegum í þéttbýli. Samkvæmt 14. grein vegalaga er vegamálastjóra heimilt að fela öðrum veghald einstakra vegarkafila þjóðvega að nokkru eða öllu leyti. Samið hefur verið við mörg sveitarfélög um að þau annist þjónustu á vegum innan þeirra. Vegagerðin annast sjálf þjónustu á þjóðvegum innan nokkurra þéttbýlisstaða.

#### 4.1.5.7. Viðhaldssvæði

Fjárveiting í vegáætlun var 335 m.kr. og var henni varið til að greiða kostnað við umsjónar- og eftirlitsvinnu með vegamannvirkjum, þ.m.t. eftirlit með áspunga bifreiða og merkingar vegna vegaskemmda og takmarkana á áspunga.


#### 4.1.5.8. Vetrarviðhald

Fjárveiting til vetrarviðhalds í vegáætlun var 1.309 m.kr. Skuld vetrarviðhalds frá fyrri árum var 226 m.kr., þannig að til ráðastöfunar voru 1.083 m.kr. Kostnaður við vetrarviðhald á árinu 2008 var 1.924 m.kr., þannig að skuld varð 841 m.kr. og hefur aldrei verið hærri. Unnið var að lækkun skuldarinnar með endurgreiðslu af vélaleigu frá rekstrardeild og endurgreiðslu af sameiginlegum stjórnunarkostnaði, alls 200 m.kr. Skuld vetrarviðhalds sem færist til 2009 er því 641 m.kr.

Janúar og febrúar voru fremur snjóþungir og talsvert um óveður og ófærð. Einnig voru talsvert miklar sveiflur í veðri og hitastigi og mikið um flughálku. Þungatakmarkanir voru settar um allt land í byrjun janúar og talsvert var um vegaskemmdir. Marsmánuður var sæmilega stöðugur en þó talsverð ófærð á fjallvegum og mikið um þungatakmarkanir. Í byrjun apríl gerði mikið hret víða um land og urðu helstu fjallvegir þungfærir en flestir almennir fjallvegir voru þó orðnir greiðfærir í lok mánaðarins, þungatakörkunum var að mestu leyti aflétt nema á hálandisleiðum.

Kuldakast gerði í byrjun maí og í kjölfarið var talsvert um hálkubletti og krpa á fjallvegum víða um land. Hlýnandi veður var í lok maí, leysingar talsverðar fram eftir júnímánuði, hálandisleiðir flestar opnar upp úr miðjum júní. Í lok september var þjónusta hætt á hálandisleiðum, talsvert var um háлку víða um land og miklar sviptingar í veðri. Talsvert var um flughálku í lok nóvember og í byrjun desember í mikilli hláku og vatnsveðri. Aftur kom hláka um miðjan desember með tilheyrandi flughálku og hvassviðri en tíðin breyttist síðan í lok árs í vetrarveður.


Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til vetrarviðhalds á stofn- og tengivegum á árunum 1998-2008. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2008.






Á undanförunum árum hefur þjónusta á vegakerfinu að vetri til stöðugt verið að aukast. Bæði er um að ræða fjölgun snjómokstursdaga og einnig er fleiri leiðum haldið opnum. Einnig hefur hreinsun vega verið bætt verulega ásamt aukinni hálkuvörn. Kostnaður við vetrarviðhald er aftur á móti mjög háður veðurfari. Nauðsynlegt er að fjárveitingar til vetrarviðhalds hækki verulega á næstu árum.

Stólparitið hér að neðan sýnir þróun kostnaðar við vetrarviðhald á stofn- og tengivegum á árunum 1998-2008. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2008.



Á kortinu hér að neðan má sjá hversu oft hefur þurft að takamarka áspunga bifreiða vegna aurbleytu á helstu þjóðvegum landsins á árinu 2008.



Í töflunni hér að neðan má sjá kostnað við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum á árinu 2008.

Kaflar:	Lengd kafla km	Kostnaður m.kr.	Kostnaður á km þús.kr.
Hellisheiði: Reykjavík-Hveragerði og Þrengslavegur	48	75,6	1.575
Holtavörðuheiði	37	28,4	767
Fróðárheiði	14	6,1	436
Steingrímsfjarðarheiði	47	26,4	561
Siglufjarðarvegur: Ketilás-Siglufjörður	25	10,3	411
Öxnadalshaiði	25	13,8	552
Dalvík-Ólafsfjörður	18	10,4	578
Mývatns- og Möðrudalsöræfi og Jökuldalur	146	29,4	202
Vopnafjarðarheiði	51	15,7	307
Fjarðarheiði	24	26,2	1.093
Oddsskarð	23	25,4	1.105
Vegið meðaltal			584

Í töflunni hér að neðan má sjá hve lengi ýmsar leiðir og fjallvegir voru lokuð vegna snjóá á árinu 2008. Einnig kemur fram hve marga daga ársins var unnið við vetrarþjónustu á viðkomandi fjallvegi.

	Jan.	Febr.	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls	% af 366 d.	Snjóm. dagar
Hellisheiði . . . . .	0	1	0	0	0	0	0	0	0	1	0	1	3	1	122
Fróðárheiði. . . . .	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	94
Svínadalur . . . . .	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	60
Klettsháls . . . . .	3	2	3	0	0	0	0	0	0	1	1	1	11	3	66
Hálfván. . . . .	1	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3	1	90
Dynjandisheiði . . . .	25	27	31	17	0	0	0	0	0	4	0	18	122	33	11
Hrafnseyrarheiði . . .	25	29	31	14	0	0	0	0	0	4	3	18	124	34	20
Steingrímsfjarðarheiði	0	3	1	2	0	0	0	0	0	0	0	0	6	2	148
Holtavörðuheiði . . . .	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	131
Vatnsskarð-nyrðra . .	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	1	0	58
Siglufjv:Fljót-Siglufj.	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	2	1	59
Lágheiði . . . . .	11	17	15	7	0	0	0	0	0	9	10	4	73	20	18
Öxnadalshaiði . . . . .	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	157
Dalvík-Ólafsfjörður .	1	0	1	0	0	0	0	0	0	1	0	0	3	1	90
Hólssandur . . . . .	31	29	31	30	23	0	0	0	0	19	30	31	224	61	0
Öxarfjarðarheiði. . . .	31	29	31	30	22	7	0	0	0	19	30	31	230	63	0
Sandvíkurheiði. . . . .	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	54
Vopnafjarðarheiði . .	1	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	2	1	88
Möðrudalsöræfi . . . .	2	1	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	4	1	44
Hellisheiði-eystri . . .	28	29	31	26	9	0	0	0	0	6	18	31	178	49	2
Vatnsskarð-eystra . .	3	3	2	3	1	0	0	0	0	1	0	0	13	4	48
Fjarðarheiði . . . . .	0	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	1	165
Oddsskarð . . . . .	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	1	189
Breiðdalshaiði . . . . .	7	11	3	1	1	0	0	0	0	1	3	2	30	8	29
Öxi . . . . .	23	16	30	21	5	0	0	0	0	0	3	31	129	35	4

#### 4.1.5.9. Umferðaröryggi

Fjárveiting í vegáætlun var 309 m.kr. Unnið var við endurbætur til að auka umferðaröryggi og útrýma svartblettum á um 60 stöðum á vegakerfinu og nam kostnaður við það um 154 m.kr.

Í maí 2008 gerði Vegagerðin samkomulag við Umferðarstofu þess efnis að Umferðarstofa tæki að sér að annast þann hluta umferðaröryggisáætlunar sem snýr að Ríkislögreglustjóra en greiðist af vegáætlun. Í samkomulaginu var gert ráð fyrir greiðslum til Umferðarstofu að upphæð 115 m.kr. á árinu 2008. Um 13 m.kr. var varið til kaupa á og reksturs á sjálfvirkum hraðamyndavélum og öðrum tækjabúnaði.

#### 4.1.5.10. Vatnaskemmdir

Fjárveiting samkvæmt vegáætlun var 186 m.kr. Fjárveitingin er ætluð til að mæta kostnaði við óvæntar skemmdir á vegakerfinu vegna vatnavaxta eða annarra náttúruhamfara. Víða um land urðu skemmdir vegna vatns- og sjávarflóða. Einnig urðu verulega skemmdir á vegakerfinu vegna jarðskjálfta á Suðurlandi 29. maí 2008.

Stærstu verkefni á Suðursvæði voru viðgerðir á vegum í kjölfar jarðskjálfta í lok maí og lagfæringar og endurbætur varnargarða á Emstruleið vegna vatnavaxta og ágangs Markarfljóts. Heildarkostnaður vegna vatnaskemmda á Suðursvæði nam um 39 m.kr.

Á Norðvestursvæði varð verulegt tjón á vegum, sérstaklega í Dölum, á sunnanverðum Vestfjörðum og sunnanverðu Ísafjarðardjúpi, vegna mikillar úrkomu um miðjan september Mikið óveður gekk yfir Vestfirði um miðjan október. Og varð þá verulegt tjón vegna sjávarrofs á Djúpvegi um Súðavíkurhlíð, Eyrarhlíð og Óshlíð. Einnig urðu víðar minni háttar skemmdir á vegakerfinu vegna úrkomu og vatnavaxta. Heildarkostnaður vegna vatnaskemmda á Norðvestursvæði varð um 82 m.kr.

Á Norðaustursvæði voru stærstu verkefni vegna skemmda á Hringveginum á Biskupshálsi snemma árs, vegna skriðufalla úr Grænafellu á Norðfjarðarvegi og endurbygging brúar á Sultartunguá á Jökulvegi, sem tók af í flóðum á árinu 2007. Heildarkostnaður vegna vatnaskemmda á Norðaustursvæði varð um 88 m.kr. á árinu 2008.

#### 4.1.5.11. Viðhald girðinga

Fjárveiting samkvæmt vegáætlun var 70 m.kr. Samkvæmt reglugerð nr. 325/1995 ber Vegagerðinni að greiða helming áætlaðs viðhaldskostnaðar girðinga með stofn- og tengivegum. Auk þess er Vegagerðinni heimilt samkvæmt 52 gr. vegalaga nr. 80/2007 að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélög að kosta viðhald girðinga með einstökum köflum stofn- og tengivega, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafla bönnuð.

#### 4.1.5.12. Frágangur gamalla efnisnáma

Fjárveiting samkvæmt vegáætlun var 33 m.kr. Fjárveitingu er varið til frágangs á gömlum efnisnánum sem ekki eru lengur í notkun. Samkvæmt langtímaáætlun Vegagerðarinnar um frágang á gömlum efnisnánum, sem unnin var í júní 2004 var gert ráð fyrir að ganga frá um 900 gömlum efnisnánum á tímabilinu 2004-2018, eða um 60 námum á ári. Fjárveiting til verkefnisins fékkst fyrst á vegáætlun árið 2007. Verkefnið hefur gengið mun hægar en áætlað var og á árunum 2004-2006 var að meðaltali gengið frá um 30 námum. Á árinu 2007 var gengið frá 45 námum og á árinu 2008 var gengið frá 49 námum.

#### 4.1.5.13. Minjar og saga

Fjárveiting samkvæmt vegáætlun var 15 m.kr. Fjárveitingu var varið til að greiða kostnað vegna samnings Vegagerðarinnar við Samgönguminjasafnið á Skógum, kostnað vegna ritunar sögu Vegagerðarinnar og endurgerðar brúarinnar á Bláskeggsá í Hvalfirði.

#### 4.1.6 STOFNKOSTNAÐUR

##### 4.1.6.0. Fjárveitingar til stofnkostnaðar

##### **Bráðabirgðalán**

Bráðabirgðalán standa undir hluta af útgjöldum til stofnkostnaðar hjá Vegagerðinni. Þáttur þeirra hefur þó minnkað mikið undanfarin ár. Lausafjárstaða Vegagerðarinnar var mjög góð allt árið þannig að engin bráðabirgðalán voru tekin á árinu 2008. Tímabundinni fjárvöntun var mætt með lánum milli verkefna. Stór hluti eldri bráðabirgðalána var hins vegar endurlánaður, þar sem enn hefur ekki komið fjárveiting á vegáætlun til að greiða þau upp. Reiknaðar verðbætur voru hins vegar hærri en endurgreiðsla lána á árinu og hækkar því heildarskuldin milli ára

Bráðabirgðalán í árslok, eftir uppfærslu vaxta og verðbóta námu alls 72,1 m.kr. og eru það nú eingöngu sveitarfélög, sem eru lánveitendur. Öll upphæðin er vegna framkvæmda við tengivegi.

	Árslok 2006 m.kr.	Árslok 2007 m.kr.	Árslok 2008 m.kr.
Stofnvegir .....	0,0	0,0	0,0
Tengivegir .....	68,0	63,7	72,1
Safnvegir .....	0,0	0,0	0,0
Samtals	68,0	63,7	72,1

### Fjárveitingar til stofnkostnaðar


Fjárveitingar til stofnkostnaðar voru samkvæmt vegáætlun 22.661 m.kr. (fjárlög 22.660,9 m.kr.) Hafði þá verið tekið tillit til afborgunar af láni vegna vegtenginga við Hvalfjarðargöng 40 m.kr. Innifalið í þessari tölu var 3.000 m.kr. ríkisframlag af söluandvirði Símans, og framlag til jarðgangaáætlunar 3.456 m.kr. Ráðstöfun á söluandvirði Símans var síðar afturkölluð með fjárukalögum en í staðinn gert ráð fyrir því að samsvarandi fjármögnun kæmi frá mörkuðum tekjum.

Á fjárukalögum 2007 kom síðan 110 m.kr. aukafjárveiting vegna Hlíðarendavegar í Ölfusi. Fjárveitingar til stofnkostnaðar urðu því í raun 22.771 m.kr.

Til grunnnetsins fóru 18.733 m.kr. en 4.038 m.kr. til stofnkostnaðar utan grunnnets, þar af fóru 2.061 m.kr. til tengivega.

Fjárveitingar til vegamála hafa aldrei fyrr verið eins háar, hvort sem er í krónum talið eða að raungildi.

Á meðfylgjandi súluriti má sjá heildarframlag til stofn- og tengivega á árunum 1968-2008. Upphæðirnar eru á verðlagi ársins 2008.



#### 4.1.6.1 Grunnnet

Fjárveitingar til stofnkostnaðar grunnnets vegakerfisins samkvæmt vegáætlun voru 18.773 m.kr. Af því voru 40 m.kr. til afborgana af láni vegna tenginga Hvalfjarðarganga. Til framkvæmda voru því 18.733 m.kr. Fjárveitingar til grunnnets skiptast í eftirtalda átta verkefnaflokka.

##### 4.1.6.1.1. Almenn verkefni

Fjárveitingar til almennra verkefna voru 602 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

##### 4.1.6.1.2. Verkefni á höfuðborgarsvæði

Fjárveitingar til verkefna á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt vegáætlun voru 3.445 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

##### 4.1.6.1.3. Verkefni á landsbyggð

Fjárveitingar til verkefna á landsbyggð samkvæmt vegáætlun voru 5.678 m.kr. Af því voru 40 m.kr. til greiðslu afborgana lána til ríkissjóðs vegna Hvalfjarðarganga. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

##### 4.1.6.1.4. Söluandvirði Símans

Fjárveiting í vegáætlun var 3.842 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

##### 4.1.6.1.5. Jarðgangaáætlun

Fjárveitingar til jarðgangaáætlunar samkvæmt vegáætlun voru 3.456 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

##### 4.1.6.1.6. Landsvegir í grunnneti

Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun voru 62 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

##### 4.1.6.1.7. Grímseyjarferja

Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun voru 260 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

##### 4.1.6.1.8. Ferjubryggjur

Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun voru 28 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

##### 4.1.6.1.9. Sérstök fjáröflun

Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun voru 1.400 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

Fjárveitingar til stofnkostnaðar utan grunnnets með síðari breytingum samkvæmt vegáætlun voru 4.038 m.kr. Fjárveitingar utan stofnvegakerfis skiptast í eftirtalda ellefu verkefnaflokka.

#### 4.1.6.2. Tengivegir

Fjárveiting til tengivega samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum var 2.061 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

#### 4.1.6.3. Til brúagerðar

##### 4.1.6.3.1. Brýr 10 m og lengri

Fjárveiting til brúa 10 m og lengri var 514 m.kr. samkvæmt vegáætlun. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Gerð er grein fyrir byggingu einstakra brúa í fskj. 2.

##### 4.1.6.3.2. Smábrýr

Fjárveiting til smábrúa var 31 m.kr. Fjárveiting er alfarið notuð til að leggja af einbreiðar brýr. Fjárveitingar voru til eftirfarandi verkefna á árinu 2008

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2008 m.kr.
1	Hringvegur	
t8	Selá í Breiðdal .....	6
308	Hamarsvegur	
01	Lækur .....	5
01	Hamarssíki .....	5
55	Heydalsvegur	
02	Þverá .....	7
94	Borgarfjarðarvegur	
07	Innri Hvangilsá .....	8
	Samtals	31

Gerð er grein fyrir einstökum framkvæmdum í fskj. 2.

#### 4.1.6.4. Ferðamannaleiðir

Fjárveiting til ferðamannaleiða samkvæmt vegáætlun var 204 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

#### 4.1.6.5. Þjóðgarðavegir

Fjárveiting til þjóðgarðavega samkvæmt vegáætlun var 388 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.



#### 4.1.6.6. Girðingar

Fjárveiting til girðinga var 83 m.kr. Fjárveitingu var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum og reglugerðum um girðingar. Enn er nokkuð óunnið í þeim málum. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir framkvæmdir við girðingar á árinu 2008 og stöðu þessara mála í árslok.

Svæði	Óafgreitt 1.1.2008		Afgreitt 2008		Nýjar kröfur		Óafgreitt 1.1.2009	
	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.
Suðursvæði. . . . .	109	0	30	0	29	0	108	0
Suðvestursvæði . . . . .	0	0	0	0	0	0	0	0
Norðvestursvæði . . . . .	175	7	43	2	16	2	148	7
Norðaustursvæði . . . . .	132	5	23	1	53	0	162	4
Samtals	416	12	96	3	98	2	418	11

#### 4.1.6.7. Landsvegir utan grunnnets

Fjárveiting til landsvega utan stofnvegakerfis samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum var 125,4 m.kr. og var henni skipt milli svæða Vegagerðarinnar eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Svæði	fjárveiting í m.kr.
Suðursvæði . . . . .	55,0
Suðvestursvæði . . . . .	4,0
Norðvestursvæði . . . . .	37,0
Norðaustursvæði . . . . .	30,0
Óskipt . . . . .	2,8
Geymt frá fyrra ári . . . . .	-3,4
Samtals	125,4

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu framkvæmdum við landsvegi utan grunnnets.

#### Suðursvæði

Fjárveiting til landsvega á Suðursvæði var 55 m.kr. Sérstakar fjárveitingar voru til endurbóta á Jökulvegi (F985), Lakavegi (F206) og Landmannaleið (F225). Fjárveitingum var að öðru leyti varið til viðhalds og þjónustu landsvega á svæðinu.

#### Suðvestursvæði

Fjárveiting til landsvega á Suðvestursvæði var 4 m.kr. Fjárveitingum var varið til viðhalds og þjónustu landsvega á svæðinu.

#### Norðvestursvæði

Fjárveiting til landsvega á Norðvestursvæði var 37 m.kr. Sérstakar fjárveitingar voru til endurbóta á Arnarvatnsvegi (F578), Öndverðarnesvegi (579) og Seljalandsvegi (637). Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

#### Norðaustursvæði

Fjárveiting til landsvega á Norðaustursvæði var 30 m.kr. Sérstakar fjárveitingar voru til endurbóta á Þórdalsheiðarvegi (F936). Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

4.1.6.8. *Safnvegir*

Fjárveitingar til safnvega voru 373 m.kr. og var þeim skipt milli héraðsnefnda eða hliðstæðra aðila í samræmi við reglugerð nr. 62/1964 eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

	Fjárveiting 2008 í þús. kr.
1. Héraðsnefnd Vestur-Skaftfellinga . . . . .	14.335
2. Héraðsnefnd Rangæinga . . . . .	31.368
3. Héraðsnefnd Árnesinga . . . . .	39.805
4. Héraðsnefnd Suðurnesja . . . . .	1.871
5. Reykjavík . . . . .	4.197
6. Héraðsnefnd Kjósarsýslu . . . . .	5.752
7. Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu . . . . .	8.443
8. Vegasamlag Borgarbyggðar . . . . .	29.400
9. Vegasamlag Snæfellinga . . . . .	12.123
10. Héraðsnefnd Dalasýslu . . . . .	11.633
11. Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu . . . . .	3.805
12. Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu . . . . .	7.286
13. Vegasamlag Ísafjarðarsýslu . . . . .	13.558
14. Héraðsnefnd Strandarsýslu . . . . .	9.340
15. Héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu . . . . .	14.184
16. Héraðsnefnd Austur-Húnavetninga . . . . .	12.551
17. Héraðsnefnd Skagfirðinga . . . . .	24.154
18. Akrahreppur . . . . .	6.260
19. Héraðsnefnd Eyjafjarðar . . . . .	24.904
20. Héraðsnefnd Þingeyinga, Suður-Þingeyjarsýsla . . . . .	24.234
21. Héraðsnefnd Þingeyinga, Norður-Þingeyjarsýsla . . . . .	16.602
22. Héraðsnefnd Múlasýslna . . . . .	47.997
23. Sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu . . . . .	9.198
<b>Samtals</b>	<b>373.000</b>

4.1.6.9 *Styrkvegir*

Fjárveiting var 73 m.kr. og var henni varið til eftirfarandi framkvæmdaflokka.

Framkvæmdaflokkur	fjárveiting í þús. kr.
Götur í þéttbýli . . . . .	3.900
Vegir yfir fjöll og heiðar . . . . .	30.400
Annað . . . . .	40.000
Óskipt frá fyrra ári . . . . .	-6.288
Óskipt . . . . .	4.988
<b>Samtals</b>	<b>73.000</b>

4.1.6.10 *Reiðvegir*

Fjárveiting í vegáætlun var 62 m.kr. Af þeirri fjárhæð var 12 m.kr. varið til endurbóta á einstökum reiðleiðum en 50 m.kr. var skipt af Landssambandi hestamannafélaga (LH).

	Fjárveiting 2008 í þús. kr.
1. Hestamannafélögin á Suðvestursvæði, Reykjanes . . . . .	11.600
2. Hestamannafélögin á Suðursvæði 1, Suðurland vestur . . . . .	9.000
3. Hestamannafélögin á Suðursvæði 2, Suðurland austur . . . . .	4.000
4. Hestamannafélögin á Norðvestursvæði 1, Vesturland/Vestfirðir. . . . .	6.000
5. Hestamannafélögin á Norðvestursvæði 2, Norðvesturland . . . . .	7.600
6. Hestamannafélögin á Norðaustursvæði 1, Norðausturland . . . . .	7.600
7. Hestamannafélögin á Norðaustursvæði 2, Austurland. . . . .	4.200
<b>Samtals</b>	<b>50.000</b>
Girðing við Miðhraun. . . . .	350
Reiðvegur: Engidalur - Arnardalur (Hending). . . . .	2.000
Reiðvegur: Torfunes - Útkinn . . . . .	1.000
Viðhald reiðvega meðfram þjóðvegum . . . . .	5.000
Óráðstafað. . . . .	3.650
<b>Samtals</b>	<b>12.000</b>

#### 4.1.6.11 Rannsóknir

Samkvæmt vegalögum sem gengu í gildi 1. janúar 2008 er það fjármagn sem verja skal til rannsókna og tilrauna 1,5% af mörkuðum tekjum sem renna til vegagerðar. Lagagreinin var þó ekki virk fyrir árið 2008 og nam fjárveitingin samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum 123,5 m.kr. Hér á eftir eru taldir þeir verkefnaflokkar sem unnið var að á árinu og dæmi um verkefni undir þeim:

##### *Mannvirki*

Áhrif salts á þreytuþol malbiks.  
 Breyttar áherslur við val á slitlögum  
 Evrópustaðlar CEN/TC 154 og CEN/TC 227  
 Festun með biki og sementi  
 Hagkvæmnisamanburður á malbikuðum og steypum slitlögum  
 Hönnun breikkana (Breikkun og styrking vega með bundnu slitlagi).  
 Hönnunarviðmið fyrir sveifluhegðun göngubrúa  
 Innleiðsla Evrópustaðla vegna brúahönnunar  
 Íslenskar basalttrefjar fyrir jarðskjálftaþolna steinsteypu  
 Jarðskjálftamælingar í brúm  
 Malbik gegn svifryki og hávaða  
 Malbikun á gólf steyptra brúa  
 Mat á eiginleikum malbiks fyrir íslenskar aðstæður  
 NordFoU - Niðurbrot vega  
 Performance Specification for Asphalt Concrete in Iceland  
 Rannsóknir á stálræsarörum  
 Repjubik  
 Spálíkan um veður og ástand vega sem leiðir til þungatakmarkana  
 Stöðugleiki og seigjustýring steypu  
 Vegrið og vegbúnaður, valkostir og kröfur  
 Vegyfirborð við einbreiðar brýr  
 Vinnsla bergs til vegagerðar og verklag við lagningu þess

##### *Umferð*

Bestun hálkuvarna  
 Djúpgreining á alvarlegum umferðarslysum á Höfuðborgarsvæðinu  
 EuroRAP öryggisskoðun vega  
 Ferðaveðurspá, vindhviður og aðrir veðurþættir sem áhrif hafa á umferð  
 Greining áhættuþátta alvarlegra umferðarslysa á Íslandi  
 Gagnasöfnun og frumþróun spálíkans fyrir umferðarslysi  
 Kortlagning svartbletta með ArcGIS landupplýsingarkerfi  
 Óhappatíðni í beygjum og langhalla  
 Sandfok á Hringveginn  
 Umferðarstjórnun - Mobility Management  
 Umferðaröryggi á hálendinu: Kárahnjúkavegur  
 Þróun þungaumferðar á þjóðvegum  
 Þungaálag reiknað út frá ferilgreiningu

*Umhverfi*

Almennar viðmiðanir fyrir umhverfismat og CE merkingar  
 Ferðamannaleiðir – ferðamannavegur – skilgreiningar  
 Ferðamennska á Kili  
 Grímsvatnahlaup: vatnsgeymir, upphaf og rennsli  
 Hálandisvegir, sjónræn áhrif og vegstaðlar fyrir útivistarvegi á hálandinu  
 Hjólastígur – stofnbraut. Forsendur stofnkerfis  
 Leiðbeiningarrit um gerð umhverfissvænna þverana á íslensk vatnsföll  
 Líkangerð við vatnshæðarmæla á vatnasviði Hvítár/Ölfusár  
 Mælingar á landi undir jaðri Vatnajökuls  
 Rannsóknir á flóðum íslenskra vatnsfalla  
 Skipulagsáætlanir og þjóðvegir  
 Svifryksmengun vegna umferðar  
 Tíðni aftakaatburða í framtíðarveðurfari  
 Vegagerð og gróðurhúsaáhrif  
 Vistferilsgreining fyrir veg með bundnu slitlagi – seinni hluti.  
 Votlendi og vegagerð

*Samfélag*

Hvenær er ávinningur af færslu þjóðvega út fyrir þéttbýli?  
 Könnun á aðferðum til að koma snjóflóðum af stað  
 Samgöngubætur og búferlaflutningar  
 Skynjun íbúa og ferðamanna á hættu vegna eldgoss og viðbrögð  
 við náttúruvá tengdri Kötlu  
 Vísitölur, endurskoðun á vísitölugrunni Vegagerðarinnar.

Rannsóknastefna Vegagerðarinnar var lögð fram seint á árinu 2006. Með henni er meiri áhersla lögð á verkefni sem Vegagerðin skilgreinir sjálf og fær sérfræðinga til að vinna. Áfram er þó einnig gert ráð fyrir að aðilar utan stofnunarinnar geti sótt um fjárveitingar og styrki til afmarkaðra verkefna sem þeir skilgreina sjálfir.

Þrjár fagnefndir voru stofnaðar á árinu 2007 um verkefnaflokkana, ein um mannvirki, önnur um umferð og sú þriðja um umhverfi og samfélag. Nefndirnar eru skipaðar starfsmönnum Vegagerðarinnar. Nefndirnar lögðu fram áherslusvið, sem voru auglýst og miðað var við þau þegar úthlutað var úr rannsóknasjóðnum árið 2008.

Á árunum 2008 til 2010 verður, auk sérstakra áherslusviða sem fagnefndirnar leggja fram, einnig lögð áhersla á umhverfismál og upplýsingatækni í rannsóknum. Verkefni um upplýsingatæknimál tengjast öllum flokkunum og lögð verður áhersla á slík verkefni auk þess sem gera má ráð fyrir að hlutur umhverfisrannsóknaverkefna aukist á tímabilinu.

## Fylgiskjal 1

## 4.1.6 Sundurliðun einstakra gjaldaliða

## 4.1.6.1 Grunnnet

## 4.1.6.1.1 Almenn verkefni

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2008
<b>Suðursvæði</b>		
1	Hringvegur	
d4	um Selfoss . . . . .	37
30	Hrunamannavegur	
06-07	Skipholt - Foss . . . . .	92
35	Biskupstungnabraut	
04	um Brúará . . . . .	5
<b>Suðvestursvæði</b>		
42	Krýsuvíkurvegur	
01	Reykjanesbraut - Vatnsskarð . . . . .	10
424	Keflavíkurvegur	
1	Reykjanesbraut - Njarðarbraut . . . . .	32
431	Hafravatnsvegur	
1	Hringvegur - Úlfarsfellsvegur, hringtorg . . . . .	17
<b>Norðvestursvæði</b>		
1	Hringvegur	
m0	endurbætur gegnum Blönduós . . . . .	22
m2	beygjur við Geitaskarð . . . . .	10
m5	Vatnsskarð - Vatnshlíð . . . . .	32
54	Snæfellsnesvegur	
02	um Loftorku . . . . .	10
05	um um Haffjarðará . . . . .	53
60	Vestfjarðavegur	
03	um Tunguá . . . . .	12
43	um Hjarðardalsá . . . . .	15
61	Djúpvegur	
04-36	breikkun slitlaga og vega . . . . .	63
509	Akranesvegur	
01	Þjóðbraut . . . . .	10

Vegnr. Kaflannr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2008
<b>Norðaustursvæði</b>		
1	Hringvegur	
t1	um Rangá hjá Flúðum . . . . .	16
t6	Litla Sandfell - Skriðdalsvegur . . . . .	31
t7	Haugaá - Vatnsdalsá . . . . .	47
85	Norðausturvegur	
14	Arnarstaðir - Klapparós . . . . .	78
	Péttbýlisstaðir á Austurlandi lagfæringar á þjóðvegum . . . . .	10
		Samtals: 602

*4.1.6.1.2 Verkefni á höfuðborgarsvæði  
(Fjárhæðir í m.kr.)*

Vegnr. Kaflannr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2008
1	Hringvegur	
	lagfæring gatnamóta . . . . .	21
40	Hafnarfjarðarvegur	
	gatnamót við Nýbýlaveg . . . . .	235
41	Reykjanesbraut	
	gatnamót við Bústaðaveg . . . . .	406
	gatnamót við Arnarnesveg . . . . .	969
	gatnamót við Vífilsstaðaveg . . . . .	406
	gatnamót við Urriðaholtsveg . . . . .	374
42	Krýsuvíkurvegur	
	Reykjanesbraut - Ásvellir . . . . .	104
49	Nesbraut	
	bráðabirgðagatnamót við Kringlumýrarbraut . . . . .	16
411	Arnarnesvegur	
	Reykjanesbraut - Rjúpnavegur . . . . .	250
415	Álftanesvegur	
	Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur . . . . .	503
431	Hafravatnsvegur	
	Hringvegur - Úlfarsfellsvegur, hringtorg . . . . .	5
	Göngubrýr og undirgöng . . . . .	73
	Smærri verk og ófyrirséð . . . . .	83
		Samtals: 3.445

4.1.6.1.3 Verkefni á landsbyggð  
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflar.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2008
<b>Hringvegur á Suðurlandi</b>		
1 v8-v9	Hringvegur um Hornafjarðarfliót . . . . .	175
<b>Bakkafjöruvegur</b>		
254 01	Bakkafjöruvegur Hringvegur - Bakkafjöruhöfn . . . . .	670
<b>Bræðratunguvegur</b>		
359 01	Bræðratunguvegur um Hvítá . . . . .	103
<b>Suðurstrandarvegur</b>		
427 12-13 05-11	Suðurstrandarvegur Herdísarvík - Þorlákshöfn . . . . . Festarfjall - Herdísarvík . . . . .	206 103
<b>Lyngdalsheiðarvegur</b>		
365 01	Lyngdalsheiðarvegur Laugarvatnsvegur - Þingvallavegur . . . . .	381
<b>Reykjanesbraut, Hafnarfjörður - Keflavík</b>		
41 15-18	Reykjanesbraut Krýsuvíkurvegur - Víknavegur . . . . .	433
<b>Hringvegur á Norðvesturlandi</b>		
1 g1 h0-h1 k1 n0-n1	Hringvegur Hvalfjarðartengingar . . . . . Grafarkot - Brekkunef . . . . . um Hrutafjörð . . . . . um Norðurárdal í Skagafirði . . . . .	64 88 41 211
<b>Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð</b>		
54 10	Snæfellsnesvegur um Fróðárheiði . . . . .	206
<b>Vestfjarðavegur</b>		
60 08-31 24 33-34	Vestfjarðavegur Svínadalur - Flókalundur . . . . . Reykhólasveitarvegur - Þorskafjarðarvegur . . . . . Kjálkafjörður - Vatnsfjörður . . . . .	391 134 309



Vegnr. Kaflannr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2008
	<b>Djúpvegur</b>	
61	Djúpvegur	
26-29	Ísafjörður - Mjóifjörður . . . . .	721
38-45	Súðavík - Bolungarvík . . . . .	21
	<b>Vegur um Arnkötludal</b>	
605	Tröllatunguvegur	
01	Vestfjarðavegur - Djúpvegur . . . . .	103
	<b>Strandavegur</b>	
643	Strandavegur	
02	Djúpvegur - Drangnesvegur . . . . .	103
	<b>Pverárfjallsvegur</b>	
744	Pverárfjallsvegur	
03	Skagavegur - Sauðárkrókur . . . . .	21
	<b>Hringvegur á Norðausturlandi</b>	
1	Hringvegur	
p7-p8	gatnamót á Akureyri . . . . .	21
u7	Valtýskambur - Sandbrekka . . . . .	124
	<b>Norðausturvegur</b>	
85	Norðausturvegur	
14b	Hófaskarðsleið . . . . .	510
14c	Fremri Háls - Sævarland . . . . .	206
14d	Raufarhafnarleið . . . . .	51
43	Vopnafjörður - Brunahvammsháls . . . . .	129
	<b>Kísilvegur</b>	
87	Kísilvegur	
02	Hólasandur - Geitafellsá . . . . .	41
	<b>Norðfjarðarvegur</b>	
92	Norðfjarðarvegur	
07	Hólmaháls . . . . .	97
	<b>Samgöngurannsóknir . . . . .</b>	<b>15</b>
	<b>Samtals:</b>	<b>5.678</b>

Afborgun lána vegna Hvalfjarðartenginga til ríkissjóðs . -40

4.1.6.1.4 Söluandvirði Símans  
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kafnanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2008
	<b>Hornafjarðarfljót</b>	
1 v8-v9	Hringvegur um Hornafjarðarfljót .....	400
	<b>Gatnamót við Nesbraut</b>	
1 e3	Hringvegur gatnamót við Nesbraut .....	200
	<b>Bræðratunguvegur</b>	
359 01	Bræðratunguvegur um Hvítá .....	100
	<b>Reykjanesbraut</b>	
41 14	Reykjanesbraut Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur .....	420
15-18	Krýsuvíkurvegur - Víknavegur .....	180
	<b>Suðurstrandarvegur</b>	
427 12-13	Suðurstrandarvegur Herdísarvík - Þorlákshöfn .....	200
	<b>Sundabraut</b>	
450 01	Sundabraut Sæbraut - Geldinganes .....	492
	<b>Vestfjarðavegurt</b>	
60 08-34	Vestfjarðavegur Svínadalur - Flókalundur .....	300
	<b>Arnkötludalur</b>	
605 01	Tröllatunguvegur Vestfjarðavegur - Djúpvvegur .....	600
	<b>Þverárfjallsvegur</b>	
744 03	Þverárfjallsvegur Skagavegur - Sauðárkrókur .....	100
	<b>Norðausturvegur</b>	
85 14c	Norðausturvegur Hófaskarðsleið .....	500
14d	Raufarhafnarleið .....	150
43	Vopnafjörður - Brunahvammsháls .....	200
	Samtals:	3.842

4.1.6.1.5 Jarðgangaáætlun  
(fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárveiting 2008
Bolungarvíkurgöng (Óshlíðargöng) . . . . .	1.280
Héðinsfjarðargöng . . . . .	2.072
Vaðlaheiðargöng . . . . .	104
	Samtals: 3.456

4.1.6.1.6 Landsvegir í grunnneti  
(fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárveiting 2008
Fjárveiting í vegáætlun . . . . .	62
	Samtals: 62

4.1.6.1.7 Grímseyjarferja  
(fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárveiting 2008
Grímseyjarferja . . . . .	260
	Samtals: 260

4.1.6.1.8 Ferjubryggjur  
(fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárveiting 2008
Fjárveiting í vegáætlun . . . . .	28
	Samtals: 28

4.1.6.1.9 Sérstök fjáröflun  
(fjárhæðir í m.kr.)

		Fjárveiting 2008
<b>Hringvegur á Suðurlandi</b>		
1	Hringvegur	
d5-e1	norðan Selfoss - Hafravatnsvegur.....	700
<b>Hringvegur á höfuðborgarsvæði</b>		
1	Hringvegur	
e2-e3	Hafravatnsvegur - Vesturlandsvegur.....	700
		Samtals: 1.400
		Samtals grunnnet: 18.733

**Utan grunnnets**  
*4.1.6.2 Tengivegir*  
 (Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2008
<b>Suðursvæði</b>		
204	Meðallandsvegur	
02	Fossar-Fljótakrökur . . . . .	63
246	Skálavegur	
01	Hringvegur - Núpur . . . . .	7
262	Vallarvegur	
01	Fljótshlíðarvegur - Markarskarð . . . . .	42
264	Rangárvallavegur	
01	Hringvegur - Keldur . . . . .	63
268	Pingskálavegur	
01	Rangárvallavegur - Pingskálar . . . . .	74
282	Ásmundarstaðavegur	
01	Hringvegur - Ásmundarstaðir . . . . .	8
32	Þjórsárdalsvegur	
01	um Kálfá . . . . .	11
33	Gaulverjabæjarvegur	
01-02	Gaulverjabær - Skipar . . . . .	58
313	Holtsgvegur	
01-02	frá Stokkseyri . . . . .	5
340	Auðsholtsgvegur	
01	Hrunamannavegur - Syðra-Langholt . . . . .	35
351	Búrfellsgvegur	
01	Hæðarendi - Biskupstungnabraut . . . . .	74
354	Sólheimavegur	
01	Stærribæjarvegur - Sólheimar . . . . .	48
360	Grafningsvegur efri	
02	Ýrufossvegur - Úlfljótsvatn . . . . .	32
364	Eyjavegur	
01	Laugarvatnsgvegur - Útey . . . . .	3
375	Arnarbælisvegur	
01	Hringvegur - Auðsholt . . . . .	5
380	Hlíðarendavegur	
01	Þorlákshafnarvegur - vatnswerksmiðja . . . . .	110
3357	Heiðarbraut	
01	Þjórsárdalsvegur - Gnúpverjavegur . . . . .	27
<b>Suðvestursvæði</b>		
8	Kjósarskarðsgvegur	
01	Reynivellir - Vindáshlíð . . . . .	62
425	Nesvegur	
02	Reykjanesviti - Staður . . . . .	42
461	Meðalfellsgvegur	
01	hjá Möðruvöllum . . . . .	11

Vegnr. Kaflannr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2008
<b>Norðvestursvæði</b>		
59	Laxárdalsvegur	
01	endurbygging og slitlag . . . . .	53
504	Leirársveitarvegur	
01	Leirá - Svínadalsvegur . . . . .	74
508	Skorradalsvegur	
02	Grund - Hvammur . . . . .	79
511	Hvanneyrarvegur	
01	hringtorg, lítið . . . . .	11
530	Ferjubakkavegur	
01	endurbygging og slitlag . . . . .	32
576	Framsveitarvegur	
01	Snæfellsnesvegur - golfvöllur . . . . .	75
643	Strandavegur	
03-04	Bjarnarfjarðarháls - Klúka . . . . .	68
645	Drangsnæsvegur	
01	Strandavegur - Drangsnæs . . . . .	46
704	Miðfjarðarvegur	
04	tenging við Hringveg . . . . .	15
722	Vatnsdalsvegur	
04	Hof - Hjallaland . . . . .	75
04	Hvammur - Hringvegur . . . . .	74
724	Reykjabraut	
01	Hringvegur - Svínvetningabraut . . . . .	42
752	Skagafjarðarvegur	
02	slitlagsendi - Sölvanes . . . . .	69
<b>Norðaustursvæði</b>		
815	Hörgárdalsvegur	
01	Skriða - Brakandi . . . . .	74
01	Brakandi - Björg . . . . .	63
816	Dagverðareyrarvegur	
01	Hringvegur - Gásir . . . . .	59
821	Eyjafjarðarbraut vestri	
05	Sandhólar - Nes . . . . .	11
828	Veigastaðavegur	
01	Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri . . . . .	26
833	Illugastaðavegur	
02	slitlagsendi - Illugastaðir . . . . .	74
8490	Knarrarbergsvvegur	
01	Veigastaðavegur - Leifsstaðavegur . . . . .	26
94	Borgarfjarðarvegur	
05	Hjaltastaðavegur - Lagarfossvegur . . . . .	53
06	Lagarfossvegur - Unaós . . . . .	53
08	Njarðvíkurskriður . . . . .	21

Vegnr. Kafln.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2008
925	Hróarstunguvegur	
01	Hringvegur - Blanda . . . . .	32
04	hitaveita - Hringvegur . . . . .	21
931	Upphéraðsvegur	
01-02	Setberg - Ormarsstaðaá . . . . .	37
944	Lagarfossvegur	
02	um virkjun . . . . .	7
	Bundið slitlag við sveitabæi á Norðausturlandi . . . . .	11
Samtals:		2.061

*4.1.6.3 Til brúargerðar*  
4.1.6.3.1 Brýr 10 m og lengri  
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr.	Kafln.	Brú	Fjárveiting 2008
32	01	Kálfá . . . . .	42
54	03	Hítará . . . . .	99
54	05	Haffjarðará . . . . .	129
60	03	Tunguá hjá Sauðafelli . . . . .	31
60	05	Laxá hjá Búðardal . . . . .	20
60	43	Hjarðardalsá . . . . .	41
1	t7	Rangá hjá Flúðum . . . . .	87
864	01	Hólsselskíll . . . . .	18
923	04	Jökulsá hjá Brú . . . . .	26
		Óráðstafað . . . . .	21
Samtals:			514

4.1.6.3.2 Smábrýr  
(Fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárveiting 2008
Fjárveiting í vegáætlun . . . . .	31
Samtals:	31

4.1.6.4 Ferðamannaleiðir  
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2008
<b>Suðursvæði</b>		
222	Mýrdalsjökulvegur .....	16
246	Skálavegur .....	17
	Skógar, byggðasafn .....	19
<b>Suðvestursvæði</b>		
408	Heiðmerkurvegur .....	25
<b>Norðvestursvæði</b>		
643	Strandavegur	
03	um Bjarnarfjarðarháls .....	62
745	Skagavegur	
01	snjóastaðir .....	10
<b>Norðaustursvæði</b>		
864	Hólsfjallavegur .....	21
923	Jökuldalsvegur .....	10
953	Mjóafjarðarvegur .....	24
		Samtals: 204

4.1.6.5 Þjóðgarðavegir.  
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2008
52	Uxahryggjavegur .....	28
574	Útnesvegur	
02-04	um þjóðgarð. ....	63
862	Dettifossvegur. ....	
01	Hringvegur - Dettifossvegur vestri .....	193
01	Vesturdalur - Norðausturvegur .....	104
		Samtals: 388



*4.1.6.6 Girðingar*  
(Fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárveiting 2008
Fjárveiting í vegáætlun. ....	83
Samtals:	83

*4.1.6.7 Landsvegir utan grunnets*  
(Fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárveiting 2008
Fjárveiting í vegáætlun. ....	125
Samtals:	125

*4.1.6.8 Safnvegir*  
(Fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárveiting 2008
Fjárveiting í vegáætlun. ....	373
Samtals:	373

*4.1.6.9 Styrkvegir*  
(Fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárveiting 2008
Fjárveiting í vegáætlun. ....	73
Samtals:	73

4.1.6.10 *Reiðvegir*  
(Fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárveiting 2008
Fjárveiting í vegáætlun. ....	62
Samtals:	62

4.1.6.11 *Rannsóknir og þróun*  
(Fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárveiting 2008
Fjárveiting í vegáætlun. ....	124
Samtals:	124

Samtals utan grunnnets: ..... 4.038

Stofnkostnaður alls: ..... 22.771

## Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu Þjóðvega 2008

### Suðursvæði

#### 1 Hringvegur

c3 um Hellu

*Umfang verks:* Endurbætur og færsla á Hringvegi í gegnum þéttbýlið á Hellu. Fyrsti áfangi framkvæmdarinnar er færsla á Hringvegi frá brú á Rangá og bygging á nýju hringtorgi sunnan við gamla veginn.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* m.kr.

1. áfangi . . . . . 48

Heildarframkvæmdakostnaður er áætlaður 150 m.kr.

*Fjármögnun:* m.kr.

Vegáætlun 2001 . . . . . 33

Vegáætlun 2006 . . . . . 7

Bráðabirgðalán 2008 . . . . . 14

Samtals . . . . . 54

*Verkfrámvinda:* Á árunum 2005 og 2006 var unnið að hönnun og undirbúningi verksins. Verkið var boðið út í mars 2007. Framkvæmdir við 1. áfanga hófust í byrjun maí 2007 og lauk honum síðari hluta júlí. Á árinu 2008 var greiddur efniskostnaður vegna fyrirhugaðra undirganga undir veginn, uppsetning lýsingar og hönnunarkostnaður.

*Verktaki:* Þjótandi ehf., Hellu.

*Kostnaður:* m.kr.

2006 . . . . . 8

2007 . . . . . 40

2008 . . . . . 6

Samtals . . . . . 54

*Skýringar:* Fjárveiting er í vegáætlun 2009.

d4 um Selfoss.

*Umfang verks:* Verkið fólst í breikkun hringtorgs við Ölfusárbrú á Selfossi og lagfæringar á Austurvegi og Eyrarvegi út frá hringtorginu. Lengd útboðs er um 140 m. Á árinu 2008 var unnið að undirbúningi fyrir lagfæringar á gatnamótum við Tryggvagötu og skipulag umferðaraeyja á Austurvegi.

*Framkvæmdaform:* Útboð og samningur.

*Kostnaðaráætlun:* m.kr.

Breikkun hringtorgs . . . . . 21

*Fjármögnun:* m.kr.

Vegáætlun 2008 . . . . . 37

*Verkfrámvinda:* Breytingar á hringtorgi voru að mestu unnar á árinu 2007.

*Verktaki:* Ræktunarsamband Flóa og Skeiða hf., Selfossi.

*Kostnaður:* m.kr.

2005 . . . . . 1

2006 . . . . . 2

2007 . . . . . 22

2008 . . . . . 2

Samtals . . . . . 27

d6-e1 Selfoss – Hafravatnsvegur

*Umfang verks:* Umbætur á umferðaröryggi Hringvegarins út frá Reykjavík.

*Framkvæmdaform:* Útboð

*Fjármögnun:* m.kr.

Fjárukalög 2006 . . . . . 500

Vegáætlun 2007 . . . . . 217

Vegáætlun 2008

Sérstök fjárfloflun . . . . . 700

Samtals . . . . . 1.417

*Verkfrámvinda:* Sem fyrsta hluta þess verkefnis var boðin út forhönnun á breikkun Hringvegarins úr tveggja akreina vegi í þriggja akreina veg frá Þorlákshafnarvegi að Hafravatnsvegi og verkhönnun frá Kambabrún að Hamragilsvegi.

Hönnun verksins var boðin út í apríl 2006 og var gefin út kynningarskýrsla í nóvember 2006. Verkhönnun á kaflanum frá Litlu-Kaffistofu að Lögbergsbrekku var lokið að vori 2007 en fallið var frá útboði vegna breyttra áherslna, þar sem ákveðið hefur verið að tvöfalda veginn frá Selfossi til Reykjavíkur. Á árinu 2008 var unnið að undirbúningi tvöföldunar alla leiðina en einnig var farið í ákveðnar bráðabirgðalagfæringar á kaflanum á

milli Hveragerðis og Selfoss, þar sem vegamót voru lagfærð.

*Verktaki:* Hönnun og undirbúningur, Verkfræðistofan Efla ehf. Lagfæring gatnamóta, Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi.

<i>Kostnaður:</i>	m.kr.
2005.....	1
2006.....	28
2007.....	29
2008.....	61
Samtals .....	119

v5 göng undir Almannaskarð

*Umfang verks:* Gerð 1.146 m langra jarðganga undir Almannaskarð, ásamt 162 m löngum steiptum vegskálum og 4,1 km löngum vegi utan ganga. Á verk tímanum var ákveðið að endurbyggja um 1,3 km langan kafla Hringvegarins um Dynjanda, sunnan Almannaskarðs.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 1.115 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	m.kr.
Vegáætlun 2003 .....	300
Vegáætlun 2004 .....	322
Fjárukalög 2004.....	375
Vegáætlun 2005 .....	82
Vegáætlun 2006 .....	15
Vegáætlun 2007 .....	58
Vegáætlun 2007	
Jarðgangaáætlun.....	1
Samtals .....	1.153

*Verkfrámvinda:* Verkið var boðið út í desember 2003 og hófst vinna í lok mars 2004. Jarðgangagröftur hófst formlega 16. júní 2004 og lokasprengring í jarðgöngum var 8. október. Eftir það var unnið að lokastyrkingum og vatnsvörnum í göngum. Samhliða gangagreftri var unnið að gerð vegskála norðan ganga og lauk honum í lok nóvember. Einnig var unnið við undirstöður vegskála sunnan gangamunna. Unnið var að vegagerð norðan og sunnan ganga og var að mestu komið neðra burðarlag í veginn um áramótin 2004/2005. Á árinu 2005 var

unnið við uppsetningu vatnasklæðninga, fráveitulagnir í göngunum og vegagerð innan og utan ganga. Göngin voru vígð formlega 24. júní 2005.

*Verktaki:* Héraðsverk ehf., Egilsstöðum og Leonhard Nilsen og Sønner AS., Noregi.

<i>Kostnaður:</i>	m.kr.
2003.....	35
2004.....	602
2005.....	510
2006.....	5
2008.....	1
Samtals .....	1.153

*Skýringar:* Kostnaður á árinu 2003 er vegna rannsókna, hönnunar og útboðs verksins. Kostnaður á árinu 2008 er lögfræðikostnaður vegna uppgjors á landbótum.

v5 um Hornafjarðarfljót

*Umfang verks:* Framkvæmdin er fólgin í að byggja 15-18 km langan nýjan og endurgerðan veg um Hornafjarðarfljót. Byggðar verða nýjar brýr á Bergá/Laxá, Hoffellsá, Hornafjarðarfljót og Djúpá. Stytting Hringvegarins með þessu móti er áætluð um 11-12 km.

*Kostnaðaráætlun:* 3.800-4.400 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	m.kr.
Vegáætlun 2008	
Verkefni á landsbyggð.....	175
Söluandvirði Símans .....	400
Samtals .....	575

*Verkfrámvinda:* Unnið hefur verið að undirbúningi verksins frá árinu 2005, mati á umhverfisáhrifum og frumdrögum.

*Ráðgjafar:* VSÓ-ráðgjöf og veghönnunardeild Vegagerðarinnar.

<i>Kostnaður</i>	m.kr.
2005.....	1
2006.....	26
2007.....	32
2008.....	10
Samtals .....	69

x0 um Smyrlabjargará  
í Suðursveit

*Umfang verks:* Rifin var einbreið brú og í staðinn var sett stálplöturæsi með steypum endaeiningum. Hringvegurinn var endurbyggður á 0,9 km löngum kafla um Smyrlabjargará.

*Framkvæmdaform:* Samningur.

*Kostnaðaráætlun:* 40 m.kr.

*Fjármögnun:* m.kr.

Vegáætlun 2007	
Almenn verkefni . . . . .	15
Til brúargerðar . . . . .	30
Samtals . . . . .	45

*Verkframingvinda:* Framkvæmdir hófust í september 2007 og lauk í byrjun nóvember. Frágangsvinnu var lokið vorið 2008.

*Verktaki:* Gerð stálplöturæsis, Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Vegagerð, S.G. Vélar ehf., Djúpavogi.

*Kostnaður:* m.kr.

2006. . . . .	1
2007. . . . .	42
2008. . . . .	2
Samtals . . . . .	45

## 26 Sprengisandsleið

11 Veiðivatnaleið – Kvíslavegur

*Umfang verks:* Gerð efra burðarlags og lögn slitlags á um 3,5 km kafla á Sprengisandsleið ofan Veiðivatnaleiðar.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 62 m.kr.

Vegáætlun 2007 . . . . .	20
Vegáætlun 2008	
Landsvegir í grunnneti . . . . .	20
Samtals . . . . .	40

*Verkframingvinda:* Á árinu 2007 var unnið efni í efra burðarlag og slitlag. Á árinu 2008 var unnið við hönnun og undirbúning.

*Verktaki:* Fossvélar ehf., Selfossi.

*Kostnaður:* m.kr.

2007. . . . .	16
2008. . . . .	3
Samtals . . . . .	19

## 30 Hrunamannavegur

06-07 Skipholt – Foss.

*Umfang verks:* Nýbygging á 5,1 km löngum kafla frá Hvítárdal að Fossi  
*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 217 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga . . . . .	2
Vegáætlun 2007 . . . . .	79
Vegáætlun 2008	
Almenn verkefni . . . . .	92
Samtals . . . . .	173

*Verkframingvinda:* Á árinu 2007 var unnið að undirbúningi og var verkið boðið út í október 2007, en framkvæmdir hófust í ársbyrjun 2008. Gert er ráð fyrir verklokum vorið 2009. Á árinu var einnig unnið að hönnun og undirbúningi kaflans frá Einhóltsvegi að Biskupstungnabraut.

*Verktaki:* Borgarvirki ehf., Kópavogi.

*Kostnaður:* m.kr.

2007. . . . .	3
2008. . . . .	159
Samtals . . . . .	162

*Skýringar:* Fjárveiting er í vegáætlun 2009.

## 32 Þjórsárdalsvegur

01 Um Kálfá

*Umfang verks:* Breikkun einbreiðrar brúar á Kálfá auk viðeigandi lagfæringa á vegi.

*Framkvæmdaform:* Samningur.

*Kostnaðaráætlun:* 60 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	m.kr.
Vegáætlun 2008	
Tengivegir . . . . .	11
Til brúargerðar . . . . .	42
Flutt af Staðará . . . . .	11
Samtals . . . . .	64

*Verkframingvinda:* Byrjað var á verkinu í ágúst 2008 og lauk steypuvinnu við brú í nóvember. Framkvæmdum við brú er lokið en frágangsvinnu við veg og lagningu slitlags verður lokið vorið 2009.

*Verktaki:* Brúargerð, Vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Vegagerð, Nesity ehf., Selfossi.

<i>Kostnaður:</i>	m.kr.
2007.....	1
2008.....	61
Samtals .....	62

### 33 Gaulverjabæjarvegur

02 Félagslundur – Skipar

*Umfang verks:* Nýbygging á 5,9 km löngum kafla frá Félagslundu að Skipum.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 163 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	m.kr.
Flutt af fyrri áfanga.....	2
Vegáætlun 2007 .....	115
Vegáætlun 2008	
Tengivegir .....	58
Samtals .....	175

*Verkfrávitni:* Verkið var boðið út í mars 2007 og lauk að mestu í október 2007. Ekki var þó hægt að ljúka við uppbyggingu á 1,6 km löngum kafla við vegamót Gaulverjabæjarvegur og Villingaholtsvegur fyrr en sumarið 2008.

*Verktaki:* Vörubílstjórafélagið Mjólnir, Selfossi.

<i>Kostnaður:</i>	m.kr.
2004.....	3
2006.....	2
2007.....	126
2008.....	30
Samtals .....	161

### 35 Biskupstungnabraut

04 um Brúará

*Umfang verks:* Bygging á nýrri tvíbreiðri brú í stað einbreiðrar brúar ásamt tengingum.

*Framkvæmdaform:* Brúargerð, Útboð.

Bráðabirgðavegur og niðurrekstur Staura, Samningar

*Kostnaðaráætlun:* 139 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	m.kr.
Vegáætlun 2004 .....	15
Vegáætlun 2007 .....	116
Vegáætlun 2008	
Almenn verkefni .....	5
Bráðabirgðalán 2008.....	21
Samtals .....	157

*Verkfrávitni:* Á árunum 2005 og 2006 var unnið að undirbúningi og hönnun verksins. Bygging brúarinnar var boðin út í febrúar 2007. Fyrirspurn var gerð á meðal verktaka á svæðinu um gerð bráðabirgðavegar og niðurrekstrarplans við brú. Í árslok 2007 var búið að steypa brúna en eftir að fjarlægja framhjálaupið, bráðabirgðabrú og veg. Framkvæmdum var lokið sumarið 2008.

*Verktaki:* Brúargerð, Mikael ehf., Höfn Hornafirði. Bráðabirgðavegur, Vélgrafan ehf., Selfossi.

Vinnuflokkur Vegagerðarinnar setti upp bráðabirgðabrú og sá um niðurrekstur staura undir nýju brúna.

<i>Kostnaður:</i>	m.kr.
2005.....	5
2006.....	2
2007.....	126
2008.....	24
Samtals .....	157

### 204 Meðallandsvegur

02 Fossar – Fljótakrókur

*Umfang verks:* Endurbygging á 4,5 km löngum kafla sunnan Fossa.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 65 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	m.kr.
Vegáætlun 2008	
Tengivegir .....	63
Flutt á kafla 01 .....	-3
Samtals .....	60

*Verkfrávitni:* Verkið var boðið út í apríl 2008, framkvæmdir hófust í júní og lauk í október.

*Verktaki:* Bíladrangur ehf., Vík.

<i>Kostnaður:</i>	m.kr.
2008.....	55

**208 Fjallabaksleið nyrðri**

06 Landmannaleið –  
Sprengisandsleið

*Umfang verks:* Endurbygging vegar og lagning slitlags á um 5 km löngum kafla Fjallabaksleiðar nyrðri gegnum virkjanasvæði. Legu vegarins næst Sprengisandsleið var breytt til að auka umferðaröryggi við vegamót. Verkið er unnið í samvinnu við Landsvirkjun sem greiðir hluta kostnaðarins.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 59 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	m.kr.
Framlag Landsvirkjunar . . . .	20
Vegáætlun 2008	
Landsvegir í grunnneti . . . .	20
Bráðabirgðalán 2008 . . . . .	15
Samtals . . . . .	55

*Verkframingvinda:* Á árinu 2007 var unnið efni í efra burðarlag og slitlag. Framkvæmdir við endurbyggingu vegarins og lagningu slitlags voru boðnar út í maí 2008. Framkvæmdir hófust í ágúst 2008 og lokið var við að leggja klæðingu í byrjun október. Lokið verður við frágangsvinnu vorið 2009

*Verktaki:* Efnisvinnsla, Fossvélar ehf., Selfossi. Vegagerð, Heflun ehf., Hellu.

<i>Kostnaður:</i>	m.kr.
2007 . . . . .	12
2008 . . . . .	43
Samtals . . . . .	55

**222 Mýrdalsjökulsvegur**

01 Hringvegur – Ytri-Sólheimavegur.  
*Umfang verks:* Endurbygging á 1,5 km kafla frá Hringvegi að Ytri-Sólheimavegi.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 15 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	m.kr.
Vegáætlun 2008	
Ferðamannaleiðir . . . . .	16
Flutt af Skaftártunguvegi . . .	3
Bráðabirgðalán 2008 . . . . .	1
Samtals . . . . .	20

*Verkframingvinda:* Verkið var boðið út í mars 2008 og hófust framkvæmdir í júní og lauk í september.

*Verktaki:* Framrás ehf, Vík.

<i>Kostnaður:</i>	m.kr.
2008 . . . . .	20

**246 Skálavegur**

01 Hringvegur – Hringvegur

*Umfang verks:* Endurbygging á 1,7 km löngum kafla Skálavegar að austanverðu frá Hringvegi að Miðskálaá.

*Framkvæmdaform:* Útboð

*Kostnaðaráætlun:* 26 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga . . . . .	-6
Vegáætlun 2008	
Tengivegir . . . . .	7
Ferðamannaleiðir . . . . .	17
Flutt af Stórhöfðavegi . . . . .	3
Flutt af Þingskálavegi . . . . .	8
Flutt af Árbæjarvegi . . . . .	3
Flutt af Búrfellsvegi . . . . .	3
Bráðabirgðalán 2008 . . . . .	1
Samtals . . . . .	36

*Verkframingvinda:* Fyrri áfanga verksins lauk á árinu 2006. Á árinu 2007 var unnið við undirbúning síðari áfanga. Hann var boðinn út í mars 2008 og hófust framkvæmdir í júlí og lauk í september.

*Verktaki:* Framrás ehf., Vík.

<i>Kostnaður:</i>	m.kr.
2007 . . . . .	1
2008 . . . . .	35
Samtals . . . . .	36

**249 Þórsmerkurvegur**

*Umfang verks:* Endurbygging á Þórsmerkurvegi á 3,9 km löngum kafla frá Gljúfurá að Merkurvegi og gerð stálræsa í Neðradalsá og Dalsá.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 58 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga . . . . .	4
Vegáætlun 2007 . . . . .	52
Samtals . . . . .	56

*Verkfrámvinda:* Á árinu 2007 var unnið við hönnun og undirbúning og keypt stálræsi í Neðradalsá og Dalsá. Verkið var boðið út í desember 2007, en framkvæmdir hófust í byrjun árs 2008 og lauk í lok júní 2008.

*Verktaki:* Sigurjón Hjartarson, Brjánsstöðum.

<i>Kostnaður:</i>	m.kr.
2007.....	8
2008.....	45
Samtals .....	53

### 253 Bakkavegur

04 Flugvöllur – Bakkafjöruvegur og

### 254 Bakkafjöruvegur

04 Hringvegur – Landeyjahöfn

*Umfang verks:* Nýbygging á 11,8 km löngum vegi, Bakkafjöruvegi, frá Hringvegi vestan við Markarfljótsbrú, niður að fyrirhugaðri Landeyjahöfn með brú á Ála og tilheyrandi varnargörðum ásamt nýbyggingu 3 km langs kafla Bakkavegar frá Landeyjaflugvelli að Bakkafjöruvegi

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 710 m.kr.

*Fjármögnun:* m.kr.  
Vegáætlun 2008

Verkefni á landsbyggð. . . . . 670

*Verkfrámvinda:* Framkvæmdir við Bakkafjöruveg hófust á seinni hluta ársins 2008. Áætluð verklok eru 1. júlí 2010.

*Verktaki:* Suðurverk hf., Hafnarfirði.

<i>Kostnaður:</i>	m.kr.
2007 .....	4
2008.....	123
Samtals .....	127

*Skýringar:* Verkið var boðið út með útboði á byggingu Landeyjahafnar í samstarfi við Siglingastofnun. Fjárveitingar eru í vegáætlun árin 2009 og 2010.

### 262 Vallarvegur

Fljótshlíðarvegur – Markarskarð

*Umfang verks:* Endurbygging á 3,8 km kafla frá Fljótshlíðarvegi.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 59 m.kr.

*Fjármögnun:* m.kr.

Vegáætlun 2008

Tengivegir .....

*Verkfrámvinda:* Verkið var boðið út í maí 2008 en framkvæmdir hófust í ágúst mánuði. Áætluð verklok eru í júní 2009.

*Verktaki:* Heflun ehf., Hellu.

*Kostnaður:* m.kr.

2008..... 25

*Skýringar:* Fjárveiting er í vegáætlun árið 2009.

### 264 Rangárvallavegur

Hringvegur – Keldur

*Umfang verks:* Endurbygging á 7,4 km löngum kafla frá Hringvegi að Akurbrekku.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 171 m.kr.

*Fjármögnun:* m.kr.

Vegáætlun 2008

Tengivegir .....

*Verkfrámvinda:* Byrjað var á undirbúningi verksins árið 2007 og unnið við það áfram 2008, ásamt því að burðarlagsefni var unnið í veginn. Útboð var auglýst í október 2008 en var afturkallað áður en til opunar tilboða kom vegna efnahagsástands.

*Kostnaður:* m.kr.

2007..... 1

2008..... 10

Samtals .....

*Skýringar:* Fjárveiting er í vegáætlun 2009.

### 268 Þingskálavegur

01 Rangárvallavegur – Þingskálar

*Umfang verks:* Endurbygging á 5 km löngum kafla frá Rangárvallavegi að Heiði.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 60 m.kr.



<i>Fjármögnun:</i>	m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga . . . . .	1
Vegáætlun 2008	
Tengivegir . . . . .	74
Flutt á Skálaveg . . . . .	-8
Samtals . . . . .	67
<i>Verkfrámvinda:</i> Verkið var boðið út í apríl 2008 og hófust framkvæmdir seinni hluta júlí 2008 og lauk í byrjun október.	
<i>Verktaki:</i> Sigurjón Á. Hjartarson, Brjánsstöðum.	
<i>Kostnaður:</i>	m.kr.
2008 . . . . .	66
<b>282 Ásmundarstaðavegur</b>	
01 Hringvegur – Ásmundarstaðir	
<i>Fjármögnun:</i>	m.kr.
Vegáætlun 2008	
Tengivegir . . . . .	8
<i>Skýringar:</i> Fjárveiting var notuð til greiðslu upp í skuld við sveitarfélagið vegna uppbyggingar tengivega í Ásahreppi.	
<b>308 Hamarsvegur</b>	
01 Gaulverjabæjarvegur-Villingaholtsvegur	
<i>Umfang verks:</i> Gerð tveggja stál-ræsa í stað einbreiðra brúa á Læk og Hamarssíki.	
<i>Fjármögnun:</i>	m.kr.
Vegáætlun 2008	
Smábrýr . . . . .	10
<i>Verkfrámvinda:</i> Framkvæmdum var frestað.	
<b>314 Holtsgvegur</b>	
01-02 frá Stokkseyri	
<i>Fjármögnun:</i>	m.kr.
Vegáætlun 2008	
Tengivegir . . . . .	5
<i>Skýringar:</i> Fjárveiting var notuð til greiðslu skuldar frá árinu 2006.	
<b>322 Ólafsvallavegur</b>	
01 Skeiða- og Hrunamannavegur – Ólafsvellir	
<i>Umfang verks:</i> Endurbygging á um	

2,7 km löngum kafla frá Skeiða- og Hrunamannavegi að Ólafsvöllum.	
<i>Framkvæmdaform:</i> Verðkönnun og samningar við verktaka á svæðinu.	
<i>Kostnaðaráætlun:</i> 12 m.kr.	
<i>Fjármögnun:</i>	m.kr.
Flutt af Vorsabæjarvegi . . . . .	10
Bráðabirgðalán 2008 . . . . .	3
Samtals . . . . .	13
